

Sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld

Tilraun til þjóðháttá- og sagnfræðilegrar greiningar

Sjálfsvíg er trúlega oft lokaúrræði þeirra sem sjá ekki leið til að lifa áfram, án þess þó þar fyrir að viðkomandi vilji samt endilega deyja.¹ Því getur sjálfsvíg verið bjargráð, eða hæli, sem leitað er í andspænis vonlausri framtíð.² Þetta sjónarhorn fellur vel að menningarhugtaki sem sænski menningarrýnirinn Carl-Göran Ekerwald hefur talað fyrir. Samkvæmt því er menning hluti af sjálfsbjargarhvöt mannsins; hæli sem hann/hán/hún leitar í þegar honum/háni/henni er ógnað af almennu úrræðaleysi, undirokun, lamandi einhæfni starfs eða atvinnuleysis eða tilgangslausum kringumstæðum, þar á meðal svartasta þunglyndi, vanmætti og vonleysi.³ Í þessum eða öðrum óbærilegum aðstæðum getur sjálfsbjargarhvöt knúið fólk til sjálfseyðingar, sem er þá eina lausnin í sjónmáli. Þegar á nítjándu öld var tekið að líta svo á að einungis væri mögulegt að skýra sjálfsvíg félagslega, þ.e. með því að skoða þær samfélagslegu aðstæður sem þau eru framin við. Í því sjónarhorni felst að sjálfsvíg eigi sér ekki síður félags- og menningarlegar orsakir en sálfræði- eða lífeðlisfræðilegar. Því er rétt að skoða sjálfsvíg sem afleiðingar af samspili samfélagslegra aðstæðna og andlegrar líðanar fólks.⁴

Í þessari rannsókn verður leitast við að kanna hvaða innsýn sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld geta veitt í það samfélag sem hér var við lýði á tímabilinu. Í því sambandi verður spurt: Hvernig mótuðust sjálfsvíg af aðstæðum í samfélaginu? Og hvaða sjónarhorn veita sjálfsvíg á stöðu einstaklinga í sveitasamfélaginu?

Í leit að svörum við þessum spurningum er litið á sjálfsvíg sem meira eða minna sjálfráða athöfn eða aðgerð sem einstaklingur fremur af persónulegum ástæðum, heilsufarslegum, geðrænum eða félagslegum, svo að nokkuð sé nefnt, en mótast jafnframt af ríkjandi samfélags- og menningarlegum aðstæðum í nánasta umhverfi viðkomandi. Er í því sambandi bæði átt við hugarfarssögulegar aðstæður, svo sem hugmyndir fólks um helgi mannlegs lífs, vald mannsins yfir eigin lífi og ábyrgð hans á því frammi fyrir Guði og mönnum, en einnig algerlega

¹ Trúarheimspekingurinn Ann Helen van der Heeg Heberlein fjallaði um þennan vanda í bók sinni *Jag vill inte dö, jag vill bara inte leva*, Stokkhólmi: Mån-pocket, 2009). Sjá og: Arne Jarrick, *Hamlets fråga: En svensk självmordshistoria*, Stokkhólmi: Norstedts, 2000, bls. 138–142.

² Arne Jarrick, *Hamlets fråga*, bls. 114 (túlvitnun).

³ „Kultur uppfattas [...] som en form av självbevaringsdrift en asyl för människan när hon hotas av allmän misströstan, förtryck, arbetsförhållanden eller arbetslöshetsens monotoni, omständigheternas absurditet, tortyr, övervåld, sjukdom — inklusive svartaste melankoli, vanmakt och hopplöshet.“ Carl-Göran Ekerwald, „Vi goda européer“: *Om det europeiska kulturarvet*, [án útgáfustaðar]: Rabén Prisma, 1995, bls. 9.

⁴ Þetta sjónarhorn kom fram í riti E. Durkheims (1858–1917) *Le Suicide* sem kom út 1897; Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo? Sálgašla eftir sjálfsvíg*, Reykjavík: Muninn bókaútgáfa/Íslendingasagnaútgáfan, 1997, bls. 19–21. Sjá: Arne Jarrick, *Hamlets fråga*, bls. 46–47, 170–171.

efnislegar aðstæður sem lúta að hversdagslegum háttum fólks.⁵ Af þessum ástæðum má líta svo á að grunnsjónarhorn greinarinnar sé þjóðháttufræðilegs eðlis. Aðferðin sem beitt er hlýtur aftur á móti að skoðast sem sagnfræðileg þar sem mestmegnis er byggt á rituðum heimildum.⁶ Með hjálp dreifðra skjallegra frumheimilda í söfnum mætti eflaust finna upplýsingar um fleiri sjálfsvíg en hér er getið, sem og fyllri lýsingar á þeim og dýpkaða innsýn í kjör einstaklinganna sem í hlut áttu. Slík könnun krefst þó mun meiri bjarga en þeirra sem fyrir hendi eru að þessu sinni. Því ber að líta á þessa rannsókn sem tilraun eða forrannsókn sem vert væri að fylgja eftir síðar.

Þær félagslegu aðstæður í landinu á nítjándu öld sem mestu máli skipta hvað sjálfsvíg áhrærir eru að hér bjó fámenn en stétt- eða lagskipt þjóð í strjálbýlu landi sem stundaði fábreytta atvinnuvegi. Þá var velferðar- og stoðkerfi samfélagsins mjög ófullburða.

Við upphaf aldarinnar voru íbúar landsins aðeins rúmlega 47.000 en um 78.500 við lok hennar.⁷ Var íbúafjöldunin mun hraðari á síðari hluta tímabilsins en verið hafði á fyrri hluta þess þrátt fyrir harðindatímabil sem gengu yfir og þá einkum á árunum 1859–1862. Talið er að umframdaudsfall þessi ár hafi verið um 4.500, einkum vegna vannæringar og hungurtengdra sjúkdóma.⁸ Á áratugnum 1881–1890 gekk þó yfir síðasta fólksfækkunartímabilið í sögu þjóðarinnar. Ástæður fækkunarinnar voru einkum tvær. Önnur var flutningur fólks til Vesturheims en áætlað hefur verið að á þeim áratug hafi allt að 6.900 manns flutt vestur.⁹ Orsakir Vesturheimsferðanna voru margháttadar en e.t.v. má draga þær saman í þær tvær helstu: bágborin lífskjör sökum harðæra, hafísa og eldgosa annars vegar og hins vegar auknar lífskjarakröfur samfara vaxandi frelsis- og framfaraviðleitni sem mörgum virtist fremur verða fullnægt vestanhafs en í hinu hægfare íslenska sveitasamfélagi.¹⁰ Hin meginástæða fólksfækkunarinnar var mislingafaraldur sem geisaði 1882 og leiddi til þess að 950 manns dóu úr sóttinni eða fylgikvillum hennar.¹¹ Fámennið hefur að líkindum gert það að verkum að hver og einn einstaklingur varð útsettari fyrir dómum almenningsálitsins ef hann/hán/hún missté sig á einhvern hátt eða ef miklar breytingar urðu á högum viðkomandi. Fyrst í stað átti þetta einkum við í nærumhverfinu, sókninni, hreppnum eða heimahéraðinu. Með aukinni útgáfu landsmálablaða er á leið öldina fengu fréttir af einstaklingum, og þá ekki síst í tengslum við sjálfsvíg, viðtækari útbreiðslu.

Undir lok rannsóknartímans bjuggu um fjórtán af hundraði í þéttbýli með yfir 200 íbúa en tæp tvö prósent í smærri byggðakjörnum. Um 85 af hundraði

⁵ Sama heimild, bls. 113–115.

⁶ Auk þeirra heimilda sem vísað er til jafnóðum er í miklum mæli stuðst við manntalsgrunn Þjóðskjalasafns, slóð: <https://manntal.is>, án þess að þess sé getið sérstaklega hverju sinni. Er það einkum látið ógert af persónuverndar-sjónarmiðum.

⁷ *Hagskinnna: Sögulegar bagtölur um Ísland*, ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997, bls. 49.

⁸ Guðmundur Jónsson, „Síðasta hungursneyðin á Íslandi: Manndauði í harðindunum 1859–1862,“ *Njót Helgakver: Rit til heiðurs Helga Skúla Kjartansyni sjötugum 1. febrúar 2019*, ritstj. Guðmundur Jónsson, Gunnar Karlsson, Ólöf Gardarsdóttir og Þórdur Helgason, Reykjavík: Sögufélag, 2019, bls. 183–199.

⁹ Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð bandan hafis: Vesturfarir frá Íslandi 1870–1914*, Sagnfræðirannsóknir/Studia historica 17, ritstj. Gunnar Karlsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003, bls. 87–92.

¹⁰ Sama heimild, bls. 137–140.

¹¹ Erla Dóris Halldórsdóttir, *Mislingar*, Reykjavík: Nýhöfn, 2021, bls. 138–177. Mislingar höfðu einnig gengið 1846 og 1868. Sama heimild, bls. 64–137.

þjóðarinnar bjuggu því í sveit.¹² Framan af tímabilinu hafði það hlutfall verið enn hærra. Langsamlega stærsti hluti þjóðarinnar stundaði landbúnað og fiskveiðar sem lengst af tímabilinu voru samofnar atvinnugreinar. Á það við um 88 af hundraði við upphaf tímabilsins en það hlutfall var um tíu prósentustigum lægra við lok þess. Þær tölur segja þó ekki alla söguna en áætlað hefur verið að lengst af níjtjándu öldinni hafi landbúnaður staðið undir um 60 prósentum af framfærslu þjóðarinnar en fiskveiðarnar um 30 prósentum en um 10 prósent hafi hlotið framfærslu sína af handiðnaði og þjónustustörfum.¹³ Aðgreining milli frumatvinnuveganna tveggja jókst mjög upp úr 1880 er útgerð þilskipa tók mikið stökk. Það ýtti svo undir þéttbýlismyndun sem þá varð hraðari en áður.¹⁴

Flestir bændur á tímabilinu voru leiguliðar sem ráku bú sín með aðstoð barna og vinnuhjúa. Stærð heimila hefur verið mismunandi en meðalfjöldi fólks á heimili var á bilinu 6,40 til 7,40. Algengast var að heimili samanstæði af hjónum,¹⁵ börnum þeirra, a.m.k. að fermingu, oft í það minnsta einu foreldri húsbænda og einu til þriggja hjúa. Þegar dró úr ungbarnadauða urðu barnahóparnir stærri og er lífaldur lengdist varð algengara að þrjár kynslóðir byggju saman á heimili.¹⁶ Þá gátu einstaklingar tengst heimilum á óbeinni hátt, svo sem húsfólk (þ.e. sjálfstæðir „leigjendur“) eða niðursetningar. Lætur nærri að fjórðungur þjóðarinnar hafi verið vinnuhjú en þau voru oftast ógift og barnlaus. Verslunar-, handverks- og daglaunamenn voru um tvö prósent þjóðarinnar um 1800 en rúm 11 prósent öld síðar. Þetta eru atvinnustéttir sem fremur tilheyra þéttbýli en dreifbýli en stór hluti a.m.k. handverksmannanna bjuggu þó í sveit. Þá voru embættis- og menntamenn lengst af tímabilinu hátt í 300.¹⁷ Prestar voru fjölmennastir í þessum hópi, eða rúmlega 200 á fyrri hluta níjtjándu aldar, en fækkaði nokkuð er leið á hana með fækkun prestakalla.¹⁸

Heimilin voru grunneiningar sveitasamfélagsins og stigveldisskipt líkt og samfélagið í heild. Húsbændurnir fóru þar með æðsta vald, ekki aðeins í krafti þess að þeir áttu búíð, þó að ekki væru þeir endilega jarðeigendur, heldur gegndu þeir einnig margháttuðum aðhalds- og ögunarhlutverkum sem ríkisvaldið lagði þeim á herðar varðandi þann húsaga sem þeim var skylt að halda uppi. Fram til 1863 gildi tilskipun frá átjándu öld sem skyldaði alla sem ekki stóðu fyrir eigin búi að ráða sig til ársvistar hjá bændum. Á síðustu áratugum rannsóknartímans losnaði um þessa vistarskyldu eða vistarband eins og hún hefur löngum verið nefnd.¹⁹ Jókst þá sjálfreði fólks smám saman. Vinnuhjú töldust langt fram eftir

¹² *Hagskinna*, bls. 90.

¹³ Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830–1874“, *Saga Íslands 9*, ritstj. Sigurður Línal og Pétur Hrafn Árnason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2008, bls. 163–374, hér 190–195, 206–210.

¹⁴ [Án höfundar], „Tímabilið fram til 1940/Atvinnubylting á Íslandi“, *Saga ASÍ, asisagan.is*, sótt 3. nóvember 2024 af <https://asisagan.is/bok-1-atvinnubylting-a-islandi>; Einar Laxness, *Íslands saga S–Ö*, Alfræði Vöku — Helgafells, Reykjavík: Vaka — Helgafell, 1995, bls. 28–30.

¹⁵ Dæi annað hjóna reið því sem eftir lífi á að afla sér aðstoðar við búskapinn. Ekklar réðu sér ráðskonu en ekkjur fyrirvinnu (n.k. ráðsman). Oft leiddi slíkt samkomulag til hjúskapar eða sambúðar.

¹⁶ Sigurður Gylfi Magnússon, „Dauðinn er lækur, en lífið er strá“: Líf og dauði á níjtjándu öld“, *Eitt sinn skal hver deyja*, ritstj. Sigurjón Baldur Hafsteinsson, [án útgáfustaðar]: Mokka-press, 1996, bls. 128–142, hér 131–132.

¹⁷ *Hagskinna*, bls. 211. Sjá: Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld: Tilraun til félagslegrar og hjófræðilegrar greiningar*, Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10, ritstj. Jón Guðnason, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1983, bls. 119–132.

¹⁸ Hjalti Hugason, *Bessastadaskolan: Ett försök till prästskola på Island 1805–1846*, Skrifter utgivna av Svenska kyrko-historiska föreningen 2: Ny följd 40/Publications of Swedish Society of Church History 2: New series 40, 1983, Uppsöllum: Uppsala universitet, Teologiska institutionen, 1983, bls. 78–82.

¹⁹ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*, Reykjavík: Sögufélag, 2017, bls. 14.

aldri til ungdómsins þar sem þau héldu ekki eigið heimili og voru ekki félagslega fullveðja.

Innviðir samfélagsins voru vanburðugir og yfirbygging þess einföld lengst af tímabilinu. Framan af níttjándu öld voru kirkjumál nátengd félagsmálum og samofin fræðslumálum þjóðarinnar. Árið 1872 voru sveitarstjórnarmálin falin hreppsnefndum, sem þá voru settar á laggirnar. Dró þá mjög úr hlutverkum presta á þeim vettvangi en áður höfðu þeir verið hreppstjórum til aðstoðar og ráðuneytis.²⁰ Alþýðufræðslan, að fermingarfræðslu kirkjunnar að nokkru leyti undanskilinni, var verkefni heimilanna og laut eftirliti presta. Með auknum menntakröfum sem innleiddar voru 1880 fór skólahald í vöxt. Verulegur aðskilnaður milli kirkjunnar og skólans varð þó ekki fyrr en með nýjum fræðslulögum sem gengu í gildi 1908 en samkvæmt þeim tóku skólanefndir (fræðslunefndir til sveita) við stjórn skólamála í héraði.²¹ Varðandi viðfangsefni þessarar greinar koma heilbrigðis- og félags- eða velferðarmál helst til álita. Um 1800 voru sex læknisembætti í landinu að landlækni meðtöldum. Starfandi læknar voru orðnir átta um miðja öldina. Var staðan þannig fram til 1876 er lækni-umdæmin urðu tuttugu. Við lok rannsóknartímans varð bylting í þessu efni er læknishéruðunum var fjölgað upp í 42.²² Þegar bráð veikindi, slys, sjálfsvíg eða sjálfsvígstilraunir bar að var langt og torsótt að sækja lækni og úrræði þeirra og aðstæður voru bágbornar. Í nokkur skipti gátu þó læknar grætt þau sem veitt höfðu sér áverka, einkum þau sem höfðu skorið sig á háls. Jósep Skaftasyni (1802–1875), lækni á Hnausum í Húnavatnssýslu, tókst t.a.m. að gera að sárum þeirra fjögurra sem þannig var komið fyrir ef treysta má alþýðlegu sagnaritunum *Húnavetninga sögu* Gísla Konráðssonar (1787–1877) og *Annál níttjándu aldar*.²³ Oftar varð þó aðkoma lækna aðeins fólgin í skoða lík og var það stundum gert eftir að þau höfðu verið grafinn upp í því skyni. Enn takmarkaðri voru bjargirnar þegar geðræna sjúkdóma bar að höndum. Voru þá fá úrræði önnur en að hafa gætur á hinum sjúka. Var það sérstökum vandkvæðum háð þegar húsbændur áttu í hlut þar eð þeir lutu ekki valdi annarra inni á heimilinu. Varð því stundum að koma þeim fyrir á öðrum bæjum þar sem þeir fóru ekki með húsbóndavald. Félags- og velferðarmál beindust að stærstum hluta að ómagaframfærslu sem var málefni einstakra hreppa með nokkurri aðkomu presta, einkum framan af öldinni. Sú aðferð sem beitt var fólst aðallega í að koma ómögum fyrir í niðursetu hjá þeim sem lægst buðu í framfærsluna næsta árið. Lætur nærri að þau sem slíkri meðferð sættu hafi verið fjögur prósent þjóðarinnar við upphaf tímabilsins en tæp tvö prósent í lok þess.²⁴

²⁰ *Lovsamling for Island* 21, Kaupmannahöfn, 1889, bls. 354–366; Hrafnkell Lárusson, *Ljónræði í mótnun*, Reykjavík: Sögufélag, 2024, bls. 56–77.

²¹ *Stjórnartíðindi* 1880A, bls. 6–8; *Stjórnartíðindi* 1907A, bls. 382.

²² *Stjórnartíðindi* 1875A, bls. 76–78; *Stjórnartíðindi* 1899A, bls. 114–120; Sigurjón Jónsson, *Alþingi og heilbrigðismálin*, Reykjavík: Alþingissögufélag, 1950, bls. 3–4, 16; Erla Dóris Halldórsdóttir, *Mislýngar*, bls. 138–139.

²³ Gísli Konráðsson, *Húnavetninga saga* 3, Jón Torfason sá um útgáfuna, [án útgáfustaðar]: Mál og mynd, 1998, bls. 797–798; Pjetur Guðmundsson, *Annál níttjándu aldar* 2, Akureyri: Hallgr. Pjetursson, 1924–1929, bls. 154, 192, 301.

²⁴ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* 3, Kaupmannahöfn, 1864, bls. 402; *Hagskinna*, bls. 211. — Líklega hafa sjálfsvíg/sjálfsvígstilraunir „sveitarómaga“ ekki þótt mikið fréttaeefni en aðeins eitt dæmi hefur fundist um niðursetukonu um sjötugt sem skar sig á háls og veitti sér frekari áverka. Hreppstjórnin, sem var „nærfærinn“, gat saumað sár hennar saman og síðar var læknir sóttur. *Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)*. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Sauðárkróki. GA/7-5. Dóma- og þingbók 1869–1871, bls. 370–372.

Þá verður að gæta þess að dauðinn var alls staðar nálægur og gat gert vart við sig á hvaða æviskeiði sem var. Þegar hefur verið drepð á fátæklegar bjargir þegar sjúkdóma bar að garði. Þá voru öll ferðalög hættuleg vegna veðurfars, fjallvega, vatnsfalla og annarra torfæra. Slys voru tíð í sambandi við fæðuöflunina og þá ekki síst við fiskveiðar á opnum bátum. Hafði þetta margháttuð áhrif á tilfinningalíf og lífsviðhorf ungra og aldinna.²⁵

Í samfélagi nítjándu aldarinnar voru möguleikar mikils þorra þjóðarinnar til að taka frumkvæði í eigin lífi takmarkaðir, úrræði voru fá þegar á bjátaði, hvort sem vandinn var fjárhagslegur, félagslegur eða heilsufarslegur. Þá var dauðinn ætíð nálægur veruleiki og gat vitjað fólks hvar og hvenær sem var án þess að því yrði afstýrt í sama mæli og nú. Við þessar aðstæður er skiljanlegt að mörgum féllust hendur og eygðu ekki annan raunhæfan möguleika að stytta líf sitt.

Í þessari grein verður fyrst gerð grein fyrir opinberri afstöðu ríkis og kirkju til sjálfsvíga, sem og þeim reglum sem giltu um greftrun þeirra sem bundið höfðu enda á líf sitt. Þá verður gerð grein fyrir þeim viðmiðum, aðferðum og heimildum sem byggt er á varðandi skráningu sjálfsvíga og unnið tölfræðilega úr upplýsingunum sem þannig liggja fyrir út frá nokkrum víddum eða breytum sem gagnlegar eru við þjóðháttufræðilegar rannsóknir. Er þar átt við tímasetningu sjálfsvíga, kyn, aldur og atvinnu- og hjúskaparstétt þeirra sem í hlut áttu. Loks verður vikið sérstaklega að sjálfsvígum meðal tveggja aðgreindra aldurshópa, þ.e. ungra og aldraðra, en staða þeirra var um margt sérstæð í sveitasamfélaginu.

Af fyrri rannsóknum sem stuðst hefur verið við í þessu samhengi skal sérstaklega getið skrifa sænska sagnfræðiprófessorsins Arnes Jarrick og þá sérstaklega rits hans *Hamlets fråga: En svensk självmordshistoria* frá árinu 2000. Nokkuð er vitnað til þessa rits hér en frekar reynir þó á það þegar fjallað verður um ástæður sjálfsvíga á nítjándu öld síðar í rannsókninni. Þá hefur Hrafnkell Lárusson sagnfræðingur ritað gagnlega grein um sjálfsvíg hér á landi á sautjándu og átjándu öld.²⁶

Sjálfsvíg eru viðkvæmt viðfangsefni, jafnvel í rannsóknum af því tagi sem hér er um að ræða. Af þeim sökum verður nafnleynd viðhöfð í greininni í ríkum mæli enda þótt nöfn og jafnvel heimili þeirra sem um er að ræða séu oftast nefnd í heimildum. Er þetta gert með alþekkt vísuorð Einarssonar í huga: „Aðgát skal höfð í nærveru sálar“.²⁷ Undantekningar eru gerðar í þessu efni þegar einstök tilvik eru rædd í tiltölulega löngu máli en þá fer oft illa á nafnleynd. Þá hafa þau sem í hlut eiga líka alltaf verið nafngreind áður í aðgengilegum, útgefnum gögnum. Þegar svo stendur á má hafa það í huga að sjálfsvíg ættu ekki að þurfa að vera umlukin þagnarmúr um alla eilífð. Eru þau sem lesa beðin að hugsa hlýlega til þeirra sem nefnd eru með nafni, ekki síst vegna þess að sum hver mættu hörðu einu af samtíð sinni.

²⁵ Sigurður Gylfi Magnússon, „„Dauðinn er lækur, en lífið er strá““, bls. 133–140.

²⁶ Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði: Um viðhorf til sjálfsvíga á 17. og 18. öld“, *Ritið* 2/2014, bls. 31–54.

²⁷ Einar Benediktsson, „Einræður Starkaðar“, *is.wikisource.org*, sótt 31. maí 2024 af https://is.wikisource.org/wiki/Einr%C3%A6%C3%B0ur_Starka%C3%B0ar.

Sjálfsvíg og sáluhjálp

Að svo miklu leyti sem sjálfsvíg geta talist sjálfráð viljaverk felast þau í að manneskja aðhefst eitthvað eða lætur eitthvað ógert vitandi að verknaðurinn eða aðgerðarleysið muni leiða til eigin dauða.²⁸ Af þeim sökum tekur hann/hán/hún sér vald sem löngum hefur verið talið í okkar heimshluta að menn geti ekki gert tilkall til heldur aðeins valdstjórnin eða æðri máttarvöld. Því er eðlilegt að trúarbrögð og trúarstofnanir, sem og veraldleg yfirvöld, hafi lengi haldið fram mótaðri hugmyndafræði um sjálfsvíg.

Meðal Grikkja og Rómverja sættu sjálfsvíg fordæmingu og gátu haft í för með sér að lík þeirra sem bundu enda á líf sitt væru meðhöndluð á niðurlægjandi máta.²⁹ Gyðingar til forna töldu að einungis væri mögulegt slá því föstu að fólk hefði stytt sér aldur ef það hafði gert uppskált um fyrirætlun sína eða vitni voru að verknaðinum. Væri þeim skilyrðum ekki fullnægt var litið svo á að allt eins gæti hafa verið um slys að ræða. Þrátt fyrir að sjálfsvíg væru talin syndsamleg var farið spart með hugtakið og sætti verknaðurinn ekki sérstakri fordæmingu.³⁰

Á fyrstu öldum kristni var afstaða kirkjunnar nokkuð á reiki, m.a. vegna neikvæðrar afstöðu til jarðlífsins og útbreiddrar þrár kristins fólks að yfirgefa þennan heim. Frá því á dögum Ágústínusar kirkjuföður um aldamótin 400 voru sjálfsvíg aftur á móti álitin viðurstyggeleg brot á fimmta boðorðinu: „Þú skalt ekki morð fremja.“ Sjálfsvíg og dráp á öðrum voru því lögð að jöfnu. Á kirkjuþinginu í Arles (árið 452) voru sjálfsvíg fordæmd og samþykkt á kirkjuþingi í Braga (árið 563) að þau sem tækju eigið líf fengju hvorki kristlega útför né greftrun í vígðri mold. Þetta átti þó aðeins við ef viðkomandi var með fullum sönsum og hafði ekki náð að iðrast gjörðar sinnar fyrir dauðann. Miðaldakirkjan hélt fast við þennan skilning en samkvæmt kenningum Tómasar af Aquino (á þrettánda öld) var sjálfsvíg bæði stórglæpur og dauðasynd. Með því var brotið gegn samfélaginu, náttúrunni og Guði, sem fól í sér að einstaklingurinn fyrirgerði eilífri sáluhjálp sinni.³¹ Sjálfsvíg stönguðust því á við hugmyndir kirkjunnar um hinn náttúrulega dauða.³² Samkvæmt íslenskum kristinréttarákvæðum frá miðöldum skyldi meðhöndla lík eftir sjálfsvíg á sama hátt og erlendis.³³ Hér var því einnig litið svo á að fólk sem réð sjálfu sér bana hefði sagt sig úr lögum við samfélagið, kirkjuna og Guð. Áhrifum þessa skilnings létti ekki að fullu í ensku biskupakirkjunni og rómversku kirkjunni fyrr en langt var liðið á tuttugustu öld.³⁴

Lúther (á sextánda öld) leit svo á að sjálfsvíg gætu ekki verið framin af fúsum og frjálsum vilja heldur væru þau í raun verk djöfulsins sem leitt hefði viðkomandi til verknaðarins. Hann taldi því að fólk væri ekki fordæmt af sjálfu verkinu

²⁸ Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo?*, bls. 18. — Hér verður þó að slá þann varnagla að mörg sjálfsvíg eiga sér stað í geðrofsástandi þar sem dómgreind, vilji, ákvörðun og vitund viðkomandi er verulega skert.

²⁹ Arne Jarrick, *Hamlets fræga*, bls. 59, 60.

³⁰ Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo?*, bls. 38.

³¹ Sama heimild, bls. 33; Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 34.

³² Sama heimild, bls. 36.

³³ Bertil Nilsson, *De sepuluris: Gravriten i Corpus Iuris Canonici och i medeltida nordisk lagstiftning*, Bibliotheca Theologiae Practicae/Kyrkovetenskapliga studier 44, ritstj. Lars Eckerdal, Jan Arvid Hellström, Stokkhólm: Almqvist & Wiksell International, 1989, bls. 258–259; Arne Jarrick, *Hamlets fræga*, bls. 59–60, 144–147, 151.

³⁴ *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörtur Árnason sáu um útgáfuna, Reykjavík: Mál og menning, 1992, bls. 9–10; Bertil Nilsson, *De sepuluris*, bls. 278–280; Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo?*, bls. 37. Um yngri kristinréttarákvæði sjá síðar.

og hefði því ekki stefnt sáluhjálpi sinni í voða. Þvert á móti gæti Guð fyrirgefið, réttlætt og frelsað einstaklinginn, hvernig sem dauðann hefði borið að. Á hinn bóginn taldi hann að sjálfsvíg væru félagslega forkastanleg og að samfélaginu bæri skylda til að koma í veg fyrir þau með öllum ráðum m.a. með því að sjá til að þess greftrun þeirra sem höfðu fyrirfarið sér væri sem mest niðurlægjandi.³⁵ Þar með má líta svo á að smánun líksins hafi fremur átt að hafa fyrirbyggjandi áhrif en að með henni væri endilega verið að undirstrika að eilíf glötun væri fyrirbúin þeim sem réðu sér bana.

Á sextánda og sautjándu öld tók að gæta umburðarlyndari afstöðu gagnvart sjálfsvígum meðal menntamanna erlendis þótt hugmyndir af því tagi væru oft reifaðar af gætni og undir dulnefnum. Umburðarlyndi jókst svo enn með upplýsingunni, og í kjölfar hennar, í takt við vaxandi mannúð og sekulariseringu en minni áherslu á alveldi Guðs en áður, höfnun á eilífri útskúfun og loks vegna aukinna efasemda um ódauðleika sálarinnar.³⁶

Þær hugmyndir um sjálfsvíg sem hér voru ríkjandi á rannsóknartímanum koma skýrast fram í þeim reglum sem giltu um útför þeirra sem réðu sjálfum sér bana en fyrrgreind sjónarmið réðu lengi ferðinni í þessu efni hér, líkt og annars staðar. Fram undir 1840 giltu ákvæði kristinréttar Árna Þorlákssonar (1237–1298) Skálholtsbiskups í þessu efni.³⁷ Samkvæmt honum skyldi almennt jarða lík í vígðum kirkjugarði eða hugsanlega í kirkju ef biskup heimilaði. Þó voru undantekningar á þessu þar sem voru „ódáðamenn“. Til þeirra töldust m.a. þau er tekið höfðu eigið líf en þeim hópi var lýst svo: „[...] þeir sem hendur leggja á sig og týna sjálfum sér, nema váðaverk verði.“³⁸ Ódáðamenn átti að grafa utan garðs. Er þar ekki aðeins átt við kirkjugarð, heldur og túngarð, en dys skyldi ekki vera nær honum en sem nam örskotshelgi. Hún mátti hvorki vera á akri né engi og þaðan máttu vötn ekki renna til bólstaða. Ekki mátti heldur syngja yfir líkunum. Þó mátti biskup leyfa gröft í kirkjugarði ef viðkomandi hafði fengið aflausn fyrir dauðann eða a.m.k. sýnt iðrunarmerki.³⁹ Leit Jón Pétursson (1812–1896) háyfirdómari svo á, í *Íslenskum kirkjurjetti* sínum, að í þessu hefði verið sýnd „linkind“.⁴⁰ Er það til vitnis um þá afstöðu sem ríkti í garð þeirra sem hlotið

³⁵ Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo?*, bls. 33. Spurningarnar um frelsi viljans, ábyrgð mannsins og verk Guðs eða djöfulsins voru miðlæg stef í guðfræði og heimspeki til langs tíma og mótuðu afstöðuna til sjálfsvíga. Arne Jarrick, *Hamlets fræga*, bls. 82–94.

³⁶ Sama heimild, bls. 113–118, 154–157; Hjalti Hugason, „Guðfræði og trúarlíf“, *Upplýsingin á Íslandi: Tíu ritgerðir*, ritstj. Ingi Sigurðsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990, bls. 119–148; Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi 3, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 351–353.

³⁷ Jón Pjetursson, *Íslenskur kirkjurjettur*, Reykjavík: [án útgefanda], 1863, bls. 130. — Kristinréttur Árna var lagður til grundvallar við dómaframkvæmd í þessu efni allt fram yfir aldamótin 1900; *Landsyfírréttardómar og bastaréttardómar í íslenskum málum 6*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1904, bls. 625.

³⁸ Aðrir ódáðamenn voru: drottinssvikarar, morðingjar, tryggðrofar, griðníðingar, dæmdir þjófar, flugumenn, bannsettir menn, opinberir ránsmenn og „[...] þeir sem deya í forboði heilagrar kirkju, [...]“, auk villutrúarmanna, okurkarla og loks óskírðra manna, bæði barna og fullorðinna. „Kristinréttur Árna Þorlákssonar“, *Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar*, útgefendur Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson, Reykjavík: Sögufélag, 2005, bls. 143–190, hér 156; Bertil Nilsson, *De sepulturis*, bls. 278–280. Löngum þótti réttlætlanlegt að grafa þau er réðu sér bana í kirkjugarði ef atvikið hafði átt sér stað í vitfiringu. Arne Jarrick, *Hamlets fræga*, bls. 16, 37, 60–61, 80–81.

³⁹ Undanþágan átti við alla ódáðamenn nema morðingja og dæmda þjófa. „Kristinréttur Árna Þorlákssonar“, bls. 156. — Ákvæðin um staðsetningu dysjar virðast hafa mótast af almennum heilbrigðissjónarmiðum fremur en að reynt hafi verið að koma á samræmdri reglu t.a.m. með greftri á aftökustað. Bertil Nilsson, *De sepulturis*, bls. 279.

⁴⁰ Jón Pjetursson, *Íslenskur kirkjurjettur*, bls. 130.

höfðu þessi óblíðu örlög er ritið kom út 1863. Hvað svo sem því líður var farið eftir kaþólskum miðaldareglum allt til þessa tíma.⁴¹

Með tilskipun „viðvíkjandi misgjörningamálum á Íslandi“ frá 24. janúar 1838 freistaði Friðrik VI (1808–1839) Danakonungur að binda enda á réttaróvissu sem ríkt hafði á landinu og sjá til þess að þegnir hans hér yrðu aðnjótandi sömu laga og réttar og giltu annars staðar í ríkinu. Því skyldu sömu hegningarlög gilda hér og í Danmörku. Þar með skyldi dæma í sakamálum eftir dönskum lögum (*Danske Lov*) Kristjáns V (1670–1699) frá 1683 með áorðnum breytingum. Við ákvörðun refsinga skyldi þó taka tillit til aðstæðna á landinu. Vegna almennrar fátæktar skyldu peningasektir hér t.a.m. aðeins nema helmingi þeirrar upphæðar sem lágu við sama broti í Danmörku. Þá átti líkamleg refsing, þ.e. vandarhögg, að koma í stað skemmri fangelsisvistar en sem nam tveimur árum þar til fangelsi hefði verið komið á innanlands.⁴² Hafði þessi tilskipun þær afleiðingar að nú mátti jarða þau sem ráðið höfðu sér bana í „Sygdom og raseri“ innan kirkjugarðs.⁴³ Samkvæmt túlkun Jóns Péturssonar skyldi sýslumaður veita heimild til þessa og hana mátti aldrei veita „[...] nema ástæður sje til að efast um, að maðurinn hafi verið með öllum mjalla, er hann fargaði sjer. [...]“⁴⁴ Fengist leyfið átti að grafa hin látnu á afviknum stað í kirkjugarðinum, án þess að prestur kastaði rekum á þau nema sérstök atvik mæltu með að moldun yrði veitt og þá aðeins í kyrrþey.⁴⁵ Jarðarför undir þessum kringumstæðum mátti aldrei fara fram

⁴¹ Í *Handbók presta* frá 1852 segir að þau sem „ekki eru hreinnar trúar og sannrar meðkenningar með vorri kirkju“ megi jarða í kirkjugarði en án þess að talað væri yfir þeim og rekum væri kastað, þ.e. í kyrrþey. Sama máli gegndi um þau sem af voru tekin eða höfðu fyrirfarið sér, voru óleyst úr banni eða dæmd óærleg nema þau hefðu tekið út refsingu og sæst við „málspartinn“ sem þau hefðu brotið gegn eða staðið í deilu við. Loks mátti ekki grafa þau sem höfðu „með vilja firrt sig lífi“ innan kirkju eða í kirkjugarði. *Handbók presta innihaldandi Guðspjöll og Pistla með tilheyrandi kollektum og bönnum sem í Íslands kirkjum lesast árið um kring á sunnu- og helgi-dögum: Svo fylgir einnig vegleiðsla um barnaskírn, hjónavígslu, vitjun sjúkra og greiðslu framliðinna, m. fl.*, Reykjavík: Prentsmiðja Íslands, 1852, bls. 247; Hrafnkell Lárússon, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 38–39. — Sambærilegar reglur giltu m.a. í Svíþjóð á átjándu öld. Þeim var fylgt með þeim hætti að réttað var yfir hinum látnu og úrskurðað um meðferð líkana. Ef niðurstaðan varð að hin látnu hefðu talist ábyrg gerða sinna átti böðull að grafa lík þeirra á aftökustað eða á afviknum stað, t.d. í skógi, eða jafnvel brenna þau. Að öðrum kosti mátti grafa þau í kyrrþey á afviknum stað í kirkjugarði. Aettingjar máttu ekki hlúa að líkinu fyrr en dómur hafði fallið. Gröftur skyldi fara fram í björtu og í víðurvist prests sem átti að sjá til að allt færi rétt fram og lesa áminningarorð yfir þeim sem viðstödd voru en ekki fara með bænir fyrir hinum látnu. Dómar linuðust með tímanum þar sem yfirvöld sýndu meiri mannúð og dauðinn varð í vaxandi mæli að einkamáli. Arne Jarrick, *Hamlets fræga*, bls. 33–81, 99–112.

⁴² *Lovsamling for Island 11*, Kaupmannahöfn, 1853, bls. 160–171.

⁴³ *Kong Christian Den Femtis Danske Lov* [1683], bls. 897 (gr. 6, 6, 21), sótt 3. desember 2024 af <https://bjoerna.dk/DL-1683-internet.pdf>. Greinin er samhljóða sömu grein í norskum lögum Kristjáns V frá 1687 en í þau var oftast vísað í sjálfsvígisdómum hérlendis. Greinin hljóðar svo: „Den som sig selv ombringer/ have sin Hovedlod forbrut til sit Herskab/og maa ej begravis enten i Kirken eller paa Kirkegaard/med mindre hand gjør det i Sygdom og Raseri.“ *Kong Christian Vs Norske Lov*, 1687, sótt 28. október 2024 af <https://www.hf.uio.no/iakh/tjenester/kunnskap/samlinger/tingbok/lover-reskripter/chr5web/>. — Í eintaki af *Danske Lov* í eigu Landsbókasafns er athyglisverð „glósa“ með níjtjándu aldar rithönd á spássiu við tilfærða laga-grein. Þar segir: „Ingen bør ansees som selvmorder uden det godtgiores ved saadane beviser som de lovkyndige i vedrørende tilfælde tager som at være tilstrækkelige.“ Gæti þetta verið skýring sem gefin hefur verið í fyrirlestri við Hafnarháskóla og sýnir þá hver opinber skilgreining var í þessu efni. Þá er og athyglisverð túlkun sem fram kemur í bréfasíptum sýslumanns í Þingeyjarsýslu, amtmanns og biskups um dauða og greiðslu vinnukonu á Illugastöðum í Fnjóskadal 1826 en þar kemur fram að þótt engar grunsemdir lægju fyrir um að aðrir hefðu veitt henni áverka en hún sjálf, bæri ekki að líta svo á að sönnun lægi þar með fyrir um sjálfsvíg. Bréfin hafa verið gefin út. [Án höfundar], „Bréfagerðir um málið“, *Sögubáttur úr Fnjóskadal*, Finnur Sigmundsson bjó til prentunar, Menn og minjar, Íslenzkur fróðleikur og skemmtun, Reykjavík: [án útgefanda], 1950, bls. 34–52, hér 40, 48, 52. Sjá og: *ÞL*. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/03-2. Dóma- og þingbók 1818–1830, bls. 244–249. — Hér var því gætt viðlíkra sjónarmiða og tilduðust í gyðingdómi eins og fram er komið.

⁴⁴ Amtmaður skyldi þó veita heimildina í heimasýslu sinni. Jón Pjetursson, *Íslenzkur kirkjurjettur*, bls. 130.

⁴⁵ Sama stað; *Kong Christian Den Femtis Danske Lov*, bls. 284 (gr. 2, 10, 4). Sjá og: „Danmarks og Norgis Kirke-Ritual 1685“, *Danmarks og Norgis Kirke-Ritual 1685–1985*, [án útgefustaðar]: Udvalget for konvent for kirke og teologi, 1985, bls. 114.

„[...] með söngum, hljóðferaslætti nje hringingum, og presturinn enga líkræðu halda, og engin hátíðleg líkfylgd eiga sjer stað; [...]“.⁴⁶ Þau sem höfðu vísvitandi „drepit sig“ án þess að sjúkdómi eða „æði“ væri um að kenna mátti eftir sem áður aldrei grafa í kirkjugarði.⁴⁷

Samkvæmt *Kirkjurjetti* Jóns Péturssonar gátu greftranir verið „heiðarlegar“, sem fóru fram í kirkjugarði, og „óheiðarlegar“, sem áttu sér stað utangarðs og án allrar viðhafnar. „Heiðarlegar“ útfarir voru svo ýmist „hátíðlegar“ eða „ekki hátíðlegar“. Þær fyrrnefndu fóru fram með öllum vanalegum helgisíðum en hinar síðarnefndu urðu að fara fram í kyrripæy.⁴⁸ Með þeirri breytingu sem orðin var mátti veita þeim andlega vanheilu sem bundið höfðu enda á líf sitt „heiðarlega“ greftrun en þó „ekki hátíðlega“. Í þessu fólst aukin mannúð þótt vissulega væri enn gerður skýr greinarmunur á þeim sem tekið höfðu líf sitt og öðrum. Þau sem höfðu talist andlega heil er þau frömdu sjálfsvíg áttu áfram að hljóta „óheiðarlega“ útför.⁴⁹

Auk þeirrar refsingar og niðurlægingar sem fólst í „óheiðarlegri“ greftrun, en hún hefur ugglauast almennt verið talin tákni þess að sál sjálfsvegandans væri útskúfuð, var mögulegt að dæma eignir þeirra sem í hlut áttu fallnar undir konung. Það hefur svo bitnað á þeim sem arf áttu að taka eftir þau.⁵⁰

Á ofanverðum rannsóknartímanum, eða 1. ágúst 1870, tóku ný hegningarlög fyrir Ísland gildi og leystu af hólmi dönsku lögin frá sautjándu öld. Samkvæmt þeim féllu „óheiðarlegar“ greftranir brott. Því átti jafnvel að grafa sakamenn er teknir höfðu verið af lífi í kirkjugarði en þó í kyrripæy (11. gr.).⁵¹ Nýju hegningarlögin höfðu engin sérákvæði um greftrun þeirra sem bundu enda á eigið líf og hófst þar með nútíminn á þessu viðkvæma sviði.⁵²

Árið 1880 kom út ný reglugerð fyrir hreppstjóra. Samkvæmt 33. gr. hennar var sú skylda lögð á þá að kanna tildrög þess að fólk varð fyrir slysum: það drukknadi, varð úti eða fyrirfór sér. Áttu þeir í framhaldinu að senda nákvæma

⁴⁶ Jón Pjetursson gekk út frá að heimild sýslumanns/amtmanns kynni að vera svo orðuð að heimilt væri að grafa í kirkjugarði en þó í kyrripæy. Taldi hann presti þá vítalaut að kasta rekum en orðalagi heimildarinnar væri þó ábótavant. Jón Pjetursson, *Íslenzkjur kirkjurjettur*, bls. 131.

⁴⁷ Sama stað.

⁴⁸ Sama heimild, bls. 129. — Hér er líklega að finna skýringuna á því að þegar auglýst er nú á dögum að jarðarför fari fram eða hafi farið fram í kyrripæy er þess oftast getið að farið hafi verið eftir ósk „hins látna“. Nú er þó ekki annar munur á útför í kyrripæy og öðrum jarðarförum en að hinar fyrrnefndu eru aðeins opnar aðstandendum og þeim sem hefur verið boðið sérstaklega.

⁴⁹ Um þetta fólk sagði: „Þeir, sem hafa vísvitandi drepit sig sjálfa, og það er víst, að þeir eigi hafi gjört það í sjúkdómi eða æði; þegar vafi þar á mót er um þetta, ákvarða valdsmennirnir, sem fyrr er sagt, hvar og hvernig þá skuli grafa [...]“. Jón Pjetursson, *Íslenzkjur kirkjurjettur*, bls. 131. Aðrir sem hljóta skyldu „óheiðarlega“ greftrun samkvæmt kristinrétti Árna voru hörkarlar sem menn drápu í rúmi hjá konum sínum og ekki sýndu iðrunarmerki, þau sem tekin höfðu verið af lífi „með óvanalegum atvikum, í því skyni, að herða á líflátnu“, auk þeirra sem dæmd höfðu verið til slíkrar vansæmandi refsingar en létust áður en dómnum var framfylgt, og loks óskirð börn. Jón Pjetursson kvað þó þá venju á komna að jarða óskirð börn, auk fullburða andvana fæddra, í kyrripæy í kirkjugarði en með moldun. Börn sem hvorki voru fullburða né lifandi fædd taldi hann almennt vera grafin í kirkjugarði án aðkomu prests. Jón Pjetursson, *Íslenzkjur kirkjurjettur*, bls. 131–132. Sjá og: Jón Pjetursson, *Kirkjurjettur*, önnur útg., Reykjavík: [án útgefanda], 1890, bls. 138–139.

⁵⁰ *Kong Christian Den Femtis Danske Lov* [1683], bls. 897 (gr. 6, 6, 21); Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo?*, bls. 36; Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 41, 52.

⁵¹ „Almenn hegningarlög handa Íslandi“, *Lovsamling for Island 20*, Kaupmannahöfn, 1887, bls. 247; Jón Pjetursson, *Kirkjurjettur*, bls. 138–139; Einar Arnórsson, *Íslenzkjur kirkjurjettur*, Reykjavík: [höf. gaf út], 1912, bls. 149; Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, Europäische Hochschulschriften/Publications Universitaires Européennes/European University Studies, Reihe/Série/Series 2:524, Frankfurt am Main/Bern/London: Peter Lang, 1986, bls. 151–152.

⁵² Sjá: *Stjórnartíðindi* 1881 B, bls. 37; Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 40, 51.

skýrslu til sýslumanns um öll málsatvik þar sem fram kæmu nákvæmar persónuupplýsingar, þar á meðal hvort viðkomandi hefði verið kristinnar trúar, sem og hvenær atvikið átti sér stað, með hverju móti viðkomandi hefði skaðað sig, „[...] hvað menn ætli, að hafi komið sjálfsbana til að fyrirfara sjer sjálfum“, hvort lífgunartilraunir hefðu verið viðhafðar þegar í stað eða hvort fólk hefði gert sig sekt um hirðuleysi og loks hvort „sjálfsbaninn“ hefði verið hneigður til ofdrykkju og hvenær hann hefði síðast sést ölvaður.⁵³ Helsta ástæða slíkrar rannsóknar var að útiloka að um saknæmt athæfi, morð eða manndráp, væri að ræða.⁵⁴ Í framhaldinu hélt sýslumaður jafnan réttarpróf í málinu.

Svo er að sjá að lengi hafi eimt eftir af þeirri eindregnu fordæmingu á sjálfsvígum sem fram kom í hinum eldri lögum og það valdið óvissu út allt rannsóknartímabilið. Upp úr 1890 var t.a.m. glímt við hana í *Fjallkonunni* í dálki með spurningum og svörum um ýmis réttarfarsleg málefni. Þar var spurt:

Er það rétt og lögum samkvæmt að jarða sjálfsmorðingja í kirkjugarði á hátíðlegan hátt, og það þó sjálfsmorðinginn hafi verið heilbrigður og með óskertu viti, er hann réð sér bana, og er sóknarpresti vítalaust að syngja yfir honum, án þess að leita leyfis hjá yfirvaldinu?⁵⁵

Í svarinu sagði að fyrst bæri að skýra viðkomandi yfirvaldi, framan af sýslumanni en hreppstjóra eftir 1880, frá atvikinu og átti yfirvaldið að láta rannsaka hvernig það hefði borið að áður en líkið væri jarðað. Ekkert væri þó á móti því að jarðsyngja með venjulegum hætti enda væri það þegar orðin venja.⁵⁶

Orð- og hugtakanotkun endurspeglar einnig afstöðu samfélagsins til sjálfsvíga. Ritstjórar landsmálablaðanna, sem tóku að koma út um miðbik rannsóknartímans og síðar, voru flestir iðnir við að birta fréttir af „mannalátum“ en svo voru fréttadálkar um dauðsföll almennt kallaðir. Var þar bæði um að ræða fréttir af dauða framámanna og annarra þjóðþekktra einstaklinga en einnig alþýðufólks, einkum þeirra sem fórust af slysförum eða með öðrum svíplegum eða jafnvel voveiflegum hætti, þar á meðal vegna sjálfsvíga. Ýmist var þetta gert í almennum fréttadálkum eða undir sérstakri fyrirsögn, a.m.k. millifyrirsögn, sem gat verið með ýmsum hætti: „Mannalát“, „Mannalát og slysfarir“, „Manntjón og slysfarir“ eða „Dánir og druknaðir“ svo að dæmi séu nefnd. Í mars 1866 er svo að sjá að ritstjóri *Þjóðólfs* telji ástæðu til frekari sundurgreiningar með því að slá upp fyrirsögninni „Sjálfsmorð, slysfarir og mannalát“.⁵⁷ Upp úr 1880 virðist sú venja loks verða ríkjandi að geta sjálfsvíga undir sérstakri fyrirsögn sem var einfaldlega „Sjálfsmorð“. Vera má að einhverju skipti í þessu sambandi að blöðum hafði nú fjölgað mjög og aukin samkeppni og harka kann að hafa hlaupið í fjölmiðlunina. Þrátt fyrir frétttaflutninginn af þessum hörmulegu atburðum gætti nokkurrar meðvitundar, a.m.k. undir lok rannsóknartímans, að orkað gæti tvímælis um gagnsemi hans.⁵⁸

Fyrir hluta rannsóknartímabilsins, eða áratuginna 1850–1870 og 1880–1900, voru gefnar út opinberar tölur um sjálfsvíg, m.a. í *Skýrslum um landsþagi á Íslandi*. Var það fyrst gert í töflu undir fyrirsögninni „Dánir á Íslandi [árt.] eptir

⁵³ *Stjórnartíðindi* 1880 B, bls. 65–86, hér 75.

⁵⁴ *Stjórnartíðindi* 1881 B, bls. 37.

⁵⁵ [Án höfundar], „Fyrirspurnir og svör“, *Fjallkonan* 22. mars 1892, bls. 47.

⁵⁶ Sama stað.

⁵⁷ [Án höfundar], „Sjálfsmorð, slysfarir og mannalát“, *Þjóðólfi* 26. mars 1866, bls. 91–92.

⁵⁸ [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn ungi* 4. nóvember 1893, bls. 7.

hjúskaparstétt og dauðdaga“ en síðar „Dánir á Íslandi [árt.] af slysförum/slysum“. Þar var greint á milli drukknadra, látinna af „öðrum slysförum“ og „sjálfsmorðingja“.⁵⁹ Orðanotkun hins opinbera var því með sambærilegum hætti og landsmálablaðanna.

Í blálök níjándu aldar ritaði Jón Ólafsson (1850–1916) svo um ársskýrslu landlæknis í blaði sínu *Nýja öldin* (1897–1900). Þar gerði hann grein fyrir sjálfsvígum er orðið höfðu tíu árið 1896. Kvað hann fólk mest „[...] halda upp á að drekkja sér (5), þar næst að hengja sig (4), 1 skar sig (ekkjja), en engin [svo] skaut sig og enginn tók eit.“⁶⁰ Þá gagnrýndi hann orðanotkun landlæknis svo: „Landlæknir kalla þetta að deyja „voveiflega“; en það er rangmæli. Að deyja „voveiflega“, þýðir að deyja af bráðum háska, af slysförum. Hitt heitir sjálfsmorð.“⁶¹ Athyglisvert er að jafn frjálssyndur, að ekki sé sagt róttækur, maður og Jón Ólafsson var skuli viðhafa svo harkalegt orðalag á þessu sviði.

Orðanotkunin í landsmálablöðunum og þróun hennar á rannsóknartímanum kann að endurspeglar harðnandi afstöðu til sjálfsvíga og aukna fordæmingu eða það sem kalla mætti „stigmatísingu“ þeirra sem þeirra sem réðu sér bana. Er þetta athyglisvert þar sem sjálfsvíg hættu að hafa formlegar afleiðingar, svo sem við greftrun, þegar um 1870. Líklegra er þó að fréttum af þessu tagi hafi verið ætlað að gegna ákveðnu forvarnarhlutverki og það hafi valdið nokkru um tæpitunguleysið, eins og brátt verður vikið að.

Skráning sjálfsvíga

Skráningu sjálfsvíga í þessari rannsókn var þannig háttað að *Annáll níjándu aldar* var lagður til grundvallar en hann kom út í fjórum bindum á árunum 1912–1954, auk þess sem fyrsta hefti í fyrirhuguðu fimmta bindi kom út 1959. Spannar *Annállinn* tímabilið 1801–1887. Aðalhöfundur hans var sr. Pétur Guðmundsson (1832–1902) sem þjónaði Grímsey alla starfsævi sína eða á árabílinu 1868–1895.⁶² Pétur mun nokkuð hafa unnið að ritstörfum á Grímseyjarárunum en allt söfnunarstarf varð honum auðveldara eftir að hann flutti til Akureyrar.⁶³ Þá mun hann enda hafa hafist handa við að safna efni til *Annálsins*. Þar lagði hann fyrst til grundvallar *Íslands Árbækur í sögu-formi* eftir Jón Espólín (1769–1836) sýslumann svo langt sem þær náðu, eða til 1832, en jók við efni þeirra til muna með

⁵⁹ *Skýrslur um landsbægi á Íslandi 1*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag, 1858, bls. 367; *Skýrslur um landsbægi á Íslandi 2*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag, 1861, bls. [227], 235, [353], 361, 581; *Skýrslur um landsbægi á Íslandi 3*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag, 1866, bls. 197, 625, [643], 731, [758–759]; *Skýrslur um landsbægi á Íslandi 4*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag, 1870, bls. 141, [453], 669, 791; *Skýrslur um landsbægi á Íslandi 5*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag, 1875, bls. 578.

⁶⁰ [Án höfundar], „Skæða-drífa“, *Nýja öldin* 29. janúar 1898, bls. 89.

⁶¹ Sama stað.

⁶² Pjetur Guðmundsson komst seint til latínuskólanáms eða þegar hann var kominn yfir þrítugt. Þar sem illa hafði gengið að manna prestsembættið í Grímsey var sótt um undanþágu fyrir vígslu hans þótt hann hefði ekki lokið stúdentsprófi. Páll Halldórsson, „Efiágríp Pjeturs Guðmundssonar prests í Grímsey“, Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar 1*, Akureyri: Hallgrímur Pjetursson, 1912–1922, bls. IV–XIII. Á níjándu öld vígðust fjórir prestar sem hvorki höfðu lokið guðfræðiprófi frá Prestaskólanum né guðfræðideild Hafnarháskólans. Pétur einn hafði heldur ekki lokið stúdentsprófi. Gunnlaugur Haraldsson, „Prestvígðir menn sem ekki luku guðfræðiprófi, en hlutu vígslu eftir 1847“, *Guðfræðingatal 1847–2002 2*, [án útgáfustaðar]: Prestafélag Íslands, 2002, bls. 951–957. Fyrsta hefti fimmta bindis *Annálsins* tekur að hluta til yfir árið 1888. Það nær þó ekki yfir kaflann „Slysfarir og skaðar“ þar sem sjálfsvíga er jafnan getið: Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar 5:1*, Gils Guðmundsson bjó til prentunar, [án útgáfustaðar]: Akranesútgáfan, 1959, bls. 1–96.

⁶³ Páll Halldórsson, „Efiágríp Pjeturs Guðmundssonar“, bls. XIII.

hjálp ýmiss konar handskrifaðra heimilda. Hafði hann að mestu lokið ritun *Annálsins* til 1850 og safnað miklum drögum til síðari hlutans er hann lést. Sonur Péturs, Hallgrímur (1875–1937) bókbindari, leiðrétti uppkast hans og jók við það. Miðaði Hallgrímur í upphafi við að gefa aðeins út það efni sem fyrir lá enda væri greiðari leið að upplýsingum um það er gerðist síðar vegna aukinnar blaða-útgáfu. Með þessu hugðist hann halda uppi minningu föður síns.⁶⁴ Tvö önnur verk sem að stofni til byggjast einnig á sagnaritun Espólíns ná svo nokkru lengra en *Árbækurnar*. eru það *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847* eftir þá Espólín og Einar Bjarnason (1782–1856) fræðimann á Starrastöðum og síðar Mælifelli í Skagafirði og *Húnvetninga saga* sem spannar tímabilið 1685–1850 og Gísli Konráðsson (1787–1877) fræðimaður lauk við.⁶⁵ Þar sem þeim sleppir verður *Annállinn* eina heimildin um nokkurra ára skeið.⁶⁶ Öll eru þessi rit hluti af sagnaritunarhefð sem hér var ástunduð á nítjándu öld og sótti að verulegu leyti fyrirmyndir til annála- og sagnaritunar á miðöldum þótt nokkurra upplýsingaráhrifa gæti þar og þá einkum í *Árbókum* Espólíns.⁶⁷

Í *Annálnum* getur Pétur almennt ekki heimilda. Þar hefur þó mestu munað um *Árbækurnar* en þær komu fyrst út í Kaupmannahöfn 1821–1855. Hin ritin komu ekki út fyrr en löngu síðar og ekki er víst að Pétur hafi þekkt til þeirra. Með hjálp *Arbókanna* fundust upplýsingar um eitt sjálfsvíg sem ekki er getið í *Annálnum*. Sama máli gegnir um *Húnvetninga sögu*. Í *Sögu frá Skagfirðingum* er aftur á móti getið þriggja atvika sem ekki er getið um í *Annálnum*. Er það vísbending um að Pétur hafi ekki þekkt til hennar. Auðvelt er hins vegar að sjást yfir eitt stakt tilvik.

Um miðbik nítjándu aldar hófu landsmálablöð og tímarit að flytja almenn tíðindi, þar á meðal um mannslát. *Djóðólfur* sem hóf göngu sína 1848 kom samfellt út allt rannsóknartímabilið eftir það og allar götur til 1920. Á síðari helmingi þess bættust fleiri blöð við og komu út um lengri eða skemmri tíma. Þau sem lengst voru gefin út eru *Ísafold* (1874–1929), *Fjallkonan* (1884–1911) og *Djóðviljinn* ásamt *Djóðviljanum unga* (1886–1915). Meðal þeirra sem skemur lifðu voru t.d. *Ingólfur* (1853–1855), *Norðri* (1853–1861) og *Norðanfari* (1862–1885).⁶⁸ Fjölgar þar með mjög fregnum af sjálfsvígum. Með tilkomu blaðanna urðu frásagnir einnig ítarlegri þar sem aðferðirnar við að fyrirfara sér voru oftast en ekki tíundaðar, auk þess að lýst var raunverulegum eða meintum aðstæðum og ástandi fólksins undir ævilokin, þar á meðal sálarástandi þess, án þess að nokkurrar nafnleyndar væri gætt.⁶⁹ Dæmigerð fregn um sjálfsvíg gat hljóðað á þessa leið:

⁶⁴ Hallgrímur Pjetursson, [án fyrirsagnar], *Annáll nítjándu aldar 1*, bls. III–III [svo].

⁶⁵ H[annes] P[étursson], „Aðfararorð“ [svo], *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847 1*, umsjón með útg. Kristmundur Bjarnason, Hannes Pétursson og Ögmundur Helgason, Reykjavík: Iðunn, 1976, [bls. 5–6]; H[annes] P[étursson], „Saga frá Skagfirðingum og Einar Bjarnason: Fáein atriði“, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847 4*, umsjón með útg. Kristmundur Bjarnason, Hannes Pétursson og Ögmundur Helgason, Reykjavík: Iðunn, 1976, bls. 133–135; Jón Torfason, „Formáli“, *Húnvetninga saga 1*, [án útgáfustaðar]: Mál og mynd, 1998, bls. 1–15.

⁶⁶ Ómögulegt er að meta heimildargildi *Annálsins* svo að vel sé, a.m.k. á fyrri hluta nítjándu aldar. Aðeins eitt mishermi hefur þó fundist við þessa rannsókn. Í öðru bindi hans er tilfært, undir árinu 1845, að Sigurður Guðmundsson bóndi og umboðsmaður á Eyjólfsstöðum á Völlum hafi aðstodað tvær stúlkur yfir á en steypst sér í hyl meðan þær voru að athafna sig. Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar 2*, bls. 220. Þetta er ranghermt. Sigurður lifði til 1853 og lést að Svalbarði í Þistilfirði þar sem hann hafði búið í skjóli sonar síns frá því að hann varð þar prestur 1847. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar avísarir 4*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1951, bls. 221–222.

⁶⁷ Ingi Sigurðsson, „Þróun íslenzkrar sagnfræði frá miðöldum, til samtímans“, *Saga* 38/2000, bls. 9–32, hér 13–19.

⁶⁸ Sjá t.a.m. yfirlit yfir valkosti í leitarglugga (ítarleit/leit í öllum titlum) á síðunni *tímarit.is*.

⁶⁹ Eins og síðar mun verða sýnt, er langt í frá að frásögur heimilda um sjálfsvíg séu ætíð persónugreinanlegar. Það stafar þó ekki af persónuverndarsjónarmiðum heldur skorti á upplýsingum eða stíl frásagnanna sem var mjög knappur þar til fréttir landsmálblaða ruddu sér til rúms.

[NN] bóndi, er lengi bjó á Gestreidarstöðum í Möðrudalsheiði, enn nú á Fögruhlið, réð sjer bana með því að skera sig á háls. Hann hafði verið ráðvandur maður og heldur veitandi en þurfandi, en nú orðinn sinnisveikur.⁷⁰

Frá sjónarhorni nútímans virðist mikið tillitsleysi koma fram í fréttáflutningi af þessu tagi. Í því sambandi ber þó að gæta þess að frásagnir af slysförum sóru sig í ætt við þessar hlífðarlausu klausur. Það var frekar regla en undantekning að greint væri frá drykkjuhneigð og drykkjuvenjum þeirra sem látið höfðu lífið og leiddar líkur að því að veikleikar á því sviði hefðu ráðið miklu um slysið. Slíkar getsakir hafa verið særandi fyrir þau sem nýlega höfðu misst náíð skyldmenni. Svo er að sjá að sjálfsvígum hafi ekki fylgt meiri bannhelgi á síðum blaðanna en öðrum svíplegum mannlátum og stundum virðist raunar lítill munur hafa verið gerður á þeim og slysförum.

Með því að skýra frá mannlátum töldu ritstjórnir sig þjóna lesendum. Sættu þeir jafnvel ámæli fyrir að gegna þessu hlutverki ekki sem skyldi. Er þetta skiljanlegt í strjálbýlu landi þar sem ekki var auðvelt að tilkynna mannlát milli héraða þótt vissulega þætti harkalegt nú til dags að fréttastofur af dauða nákominnna á síðum blaðanna. Ritstjóri *Norðra* á Akureyri bar þó af sér gagnrýni og benti á að fólk væri ekki nægilega vakandi fyrir að tilkynna til blaðanna dauða ættingja og vina en oft væri varasamt að byggja á lausafregnum í þessu efni.⁷¹ Sannaðist það nokkru síðar er í blaðinu stóð að „sú almenna fregn“ sem borist hafði til bæjarins að óðalsbóndi nokkur væri látinn ætti ekki við rök að styðjast. Þvert á móti væri sá „merkismaður [...] enn á lífi og við góða heilsu.“⁷²

Í fréttum af þessu tagi er að finna upphaf þeirra dánartilkynninga og minningargreina sem enn eru fastir liðir á síðum íslenskra blaða. Fáorðar fréttir og atburðalýsingar tóku að hlaða utan á sig ættfræði og æviatriðum þegar á rannsóknartímanum, auk lýsinga á persónuleika og mannkostum þeirra sem sagt var frá.

Fréttum af svíplegum slysum og sjálfsvígum var líka öðrum þræði ætlað fyrirbyggjandi hlutverk. Í desember 1857 hófst frétt *Norðra* á Akureyri á orðunum: „Það verður skammt á milli með slysfarir hjer nálægt Akureyri um þetta leyti.“⁷³ Því næst segir af tveimur bræðrum úr nærsveitunum sem hvor í sínu lagi lögðu upp frá kaupstaðnum síðdegis sama daginn og áttu báðir leið um Oddeyri. Um annan segir að hann hafi „sjálfsgagt“ verið „mikið drukkin“, sem og að hestur hans og hundur hafi fundist á Eyrinni morguninn eftir og hann sjálfur örendur nokkrum dögum síðar. Hinn fannst „[...] í flæðarmáli, sofandi og dauðadrukkin [...] en vegfarendur björguðu honum til bæjar.“⁷⁴ Loks segir að nokkru síðar hafi ungur bóndi úr framfirðinum fundist látinn við á skammt innan við kaupstaðinn. Hann hafði farið úr bænum seint um kvöld, „líklega drukkin“, og fannst á ísnum liggjandi á grúfu. Var þess getið til að hann hefði farið af baki til að ná sér í vatn. Fréttinni lauk svo á orðunum: „*Til þess eru vitan að varast þau.*“⁷⁵ Þótt hér þætti sýnilega keyra um þverbak voru slys af þessu tagi

⁷⁰ [Án höfundar], „Dánir og drukknadír“, *Norðanfari* 20. janúar 1869, bls. 8.

⁷¹ [Án höfundar], „Mannalát og slysfarir“, *Norðri* 31. desember 1858, bls. 142.

⁷² [Án höfundar], „Mannalát“, *Norðri* 31. janúar 1860, bls. 6–7, hér 7.

⁷³ [Án höfundar], „Mannalát/Slysfarir“, *Norðri* 20. desember 1857, bls. 136.

⁷⁴ Sama stað.

⁷⁵ Sama stað. Af fjölmörgum slysum sem urðu í nágrenni kaupstaða myndast sú þjóðtrú að nærri þeim væru víða „óhreinir staðir“ er hefðu verið mjög hættulegir þeim sem komu úr kaupstað en manndaða á þeim hefði létt

tíð og skýrir það væntanlega þá tilhneigingu að tíunda drykkjuvenjur og ölvunar-ástand manna í slysafregnum. Landsmálablöðin voru ekki ein um að líta svo á að drykkjuvenjur Íslendinga skýrðu mörg dauðsföll, m.a. slys á sjó og landi. Þetta mat kom einnig fram í skýrslum landlæknis til heilbrigðisyfirvalda í Danmörku.⁷⁶ „Forvarnahlutverkið“ kom þó enn skýrar fram í *Þjóðviljanum* á Ísafirði nokkrum áratugum síðar, eða árið 1890, og þá í umfjöllun um sjálfsvíg:

Þannig hafa þrír menn ráðið sér bana hér í sýslu á yfirstandandi vetri, og virðist því eigi vanþörf á að brýna fyrir mönnum, hve ámælisverð slík tiltæki eru, og hve lítilmannlegt og ókristilegt það er, að bera eigi betur sannar eða ímyndaðar sorgir lífsins.⁷⁷

Við margþættan túlkunarvanda er að etja þegar slá skal föstu hvort atvik sem sagt er frá í heimildum sé raunverulega sjálfsvíg eða einvörðungu sviplegt slys. Stafar það af ónógum upplýsingum, sem og hve knappar frásagnir af mannlátum voru einkum fyrir tilkomu blaðanna. Óljóst er t.d. hvað dylst að baki fregninni: „[NN] í Keflavík á Suðurnesjum skaut sig til bana.“⁷⁸ Fljótt á litið kann að þykja augljóst að þarna sé skýrt frá viljaverki, sé á annað borð mögulegt að telja sjálfsvíg fortakslaut til þeirra. Ekki er þó hægt að útiloka að þarna hafi verið um voðaskot að ræða. Svipaður vafi er uppi þegar atviki er lýst svo: „Maður á Melstað skar sig á ljá og dó að dægri liðnu.“⁷⁹ Byssur komu nokkrum sinnum við sögu sjálfsvíga í sveitasamfélagi nítjándu aldar en sláttuljái mjög oft. Af þessum tólum hlutust líka mörg óhöpp og slys. Ólíklegra er aftur á móti að bóndinn á Vatnsenda (líklega við Elliðavatn) hafi látið stjórnast af sjálfsvígs-hugsunum er hann „[...] stakk sig til dauðs á broddstaf.“⁸⁰ Svipuðu máli gegnir um drukknarir. Í því sambandi er oft torvelt að greina hvort um slys hafi verið að ræða sem gæti hafa stafað af sálarástandi þess sem fórst, ölvun eða vangæslu eða að viðkomandi hafi farið sér að voða að einhverju leyti af yfirlögðu ráði. Þegar skýrt er frá að einhver hafi fundist hengd(-ur) virðist aftur á móti augljóst að um sjálfsvíg sé að ræða. Þá virðist ljóst að vísað sé til sjálfsvígs þegar einhver fannst skorin(-n) á háls. Er þá fullt tillit tekið til þess að íslenska sveitasamfélagið á nítjándu öld var alls ekki ofbeldislaust. Oft sló t.a.m. í brýnu með bændum eða öðrum út af ýmiss konar deilumálum og árekstrum. Var þá stutt í að hendur væru látnar skipta og ýmsum bareflum beitt.⁸¹

Knöpp atvikalýsing á borð við fyrrgreind dæmi er hér aldrei túlkuð sem frásaga af sjálfsvígi nema ljóst sé að sú hafi verið ætlan þess sem færði hana í letur og/eða heimildarmanna að baki henni. Í febrúar 1874 sagði t.a.m. í *Þjóðólfi*: „Nú fyrir skömmu fanst [NN] bóndi á Súlholti dauðr í heygardi sínum, er mælt að hann hafi sjálfr ráðið sjer bana; hann var maðr á fimmtugsaldri.“⁸² Þannig er

þegar ölfangakaup fóru rénandi. Guðjón Ólafsson, *Vökulok*, Ritröð Sögufélags Árnesinga 1, Ólafur Halldórsson og Gunnar Marel Hinriksson bjuggu til prentunar, Selfossi: Sögufélag Árnesinga, 2009, bls. 121.

⁷⁶ Sjá t.d.: *ÞÍ*. Landlæknir 1920-2. D/6. Ársskýrslur 1860–1870. Medicinal Indberetning fra Physicetet i Island for 1858, 24. febrúar 1859.

⁷⁷ [Án höfundar], „Sjálfsmord“, *Þjóðviljinn* 11. apríl 1890, bls. 52. Sjá og: [Án höfundar], „Bréf úr Ísafjarðarsýslu“, *Norðurljós* 30. apríl 1890, bls. 11.

⁷⁸ Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 2, bls. 141.

⁷⁹ Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 1, Akureyri: Hallgrímur Pjetursson, 1912–1922, bls. 333.

⁸⁰ Sama heimild, bls. 321.

⁸¹ Í alþýðlegum söguritum frá nítjándu öld úir og grúir af frásögum af slíkum skærum. Sökum þess hve þekkt skáldið Hjálmar Jónsson frá Bólu (1796–1875) er, skal látið nægja að vísa til erja hans við nággranna sína í Austurdal í Skagafirði 1824–1829. [Finnur Sigmundsson], „Æviágrip“, *Æviágrip: Þattir og sagnir*, Hjálmar Jónsson frá Bólu, Ritsafn 6, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1960, bls. 11–132, hér 49–56.

⁸² [Án höfundar], „Slysfarir“, *Þjóðólfi* 18. febrúar 1874, bls. 67.

byggt á skilningi samtímafólks á atvikum þótt fáorðar séu enda bjó það að ýmsum forsendum sem máli skiptu en eru nú óþekktar. Fylgi ekkert slíkt álit dánarfregninni er litið svo á að um vafaatriði sé að ræða.⁸³

Ekki var þó alltaf traust undir fæti þegar tekið var af skarið um túlkun atvika. Þannig kemur fyrir að blöðum og/eða öðrum heimildum ber ekki saman um hvort fólk hafi fyrirfarið sér sjálft eða ekki.⁸⁴ Eins kom fyrir að menn eru sagðir hafa ráðið sér bana en fregnin síðan borin til baka. Í tilvikum sem þessum er oftast ógerlegt að skera úr um hvor túlkunin sé rétt. Skapar það óvissu og atvikin þá talin til vafatilvika. Þá vakna einnig grunsemdir um að stéttarstaða eða önnur persónuleg atriði kunni að hafa haft áhrif á hvernig dauðsföll voru túlkuð. Vorið 1892 skýrði *Fjallkonan* t.d. frá því að maður hefði drukknad í „smálæk“ skammt frá heimili sínu í Borgarfirði. Hermdi blaðið að sótt hefði á hann þunglyndi nokkra daga á undan.⁸⁵ Sver fregnin sig því mjög í ætt við fréttir af sjálfsvígum þótt ekki sé ýjað að slíku í þessu tilviki. Sá sem í hlut átti var einn helsti búnaðarfrömuður landsins um þetta leyti.⁸⁶ Kann að hafa þótt ósvinna að tengja hann við sjálfsvíg. Ekki virðist þó áberandi munur á sjálfsvígsfregnum landsmálabláðanna m.t.t. stéttarstöðu þeirra sem í hlut áttu. Stafar það meðfram af því hve knappar fréttirnar voru oftast og hve hlutlausar þær almennt voru.

Tvær frásagnir í *Sögu frá Skagfirðingum* af áþekktum atburðum sem leiddu til hvarfs og/eða dauða fólks og báðir urðu árið 1845 varpa nokkru ljósi á við hvers konar vanda er að stríða í þessu efni. Sú fyrri fjallar um hvarf aldraðs manns að næturlagi:

Um sumarið dó Jón bóndi á Víðimýri. [NN] hét bróðir hans og var á vist í Eyhildarholti. [...] Hann var gamall og ekki hraustur í geði. Eina nótt eftir mitt sumar var hann horfinn úr rúmi sínu, þá menn vöknudu um morguninn. Var hans þá leita farið, en aldrei varð af honum neitt fundið, og hugðu menn, að hann mundi hafa steyp sér í Héraðsvötn.⁸⁷

Eyhildarholt stendur á bökkum Héraðsvatna þar sem þau greinast í austari og vestari kvísl. Þar sem maðurinn fannst aldrei, hvorki lífs né liðinn, var nærtækt að líta svo á að hann hefði lent í ánni og borist til sjávar. Aftur á móti verður ekki séð á hverju sú tilgáta byggist að hann hafi „steyp sér“ í vötnin nema því að hann var ekki talinn „hraustur í geði“. Það var algengt að víkja að geðheilsu þeirra sem talin voru hafa ráðið sjálfum sér bana. Geðrænn vandi gat skýrt atburðinn, hjálpað fólki að setta sig við hann og haft áhrif á hvaða meðferð líkið fékk. Hér er því þó ekki slegið föstu að maðurinn hafi verið viti sínu fjær.

Hitt atvikið átti sér stað eftir veturnætur í Syðra-Vallholti, nokkru framar í héraðinu. Þar hvarf kona úr rúmi sínu um nótt:

⁸³ Um túlkunarvandann sjá: Arne Jarrick, *Hamlets frága*, bls. 53.

⁸⁴ Sjá t.a.m.: [Án höfundar], „Slys“, *Þjóðólfrur* 4. apríl 1896, bls. 66. Sjá og: Kristmundur Bjarnason, *Skagfirzkeur annáll 1847–1947 1*, [án útgáfustaðar]: Mál og mynd, 1998, bls. 248. Sérstætt dæmi um vafaatriði í þessu efni verður fyrir í *Ísafold* sumarið 1896 þar sem segir frá hastarlegu sjálfvígi uppgjafarþóna og óreiðumanns er nýlega hafði drekkst sér. Kona hans hafði einhverju áður fundist drukknud í sama vatnsfalli. Grunaði suma að það hefði verið af hans völdum en aðrir töldu að hún hafi fyrirfarið sér „[...] hálfsturlud og gugnud af illri viðbúð.“ Hafði maðurinn m.a. eignast mörg börn framhjá henni (sjá og síðar). Konan hvarf úr rúmi sínu um nótt en svunta hennar fannst á árbakkanum. [Án höfundar], „Hroðaleg sjálfsmorðssaga“, *Ísafold* 27. júní 1896, bls. 173–174.

⁸⁵ [Án höfundar], „Mannalát“, *Fjallkonan* 10. maí 1892, bls. 76.

⁸⁶ Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar aviskrár 4*, Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1951, bls. 376.

⁸⁷ Jón Espólín og Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847 4*, umsjón með útg. Kristmundur Bjarnason, Hannes Pétursson og Ögmundur Helgason, Reykjavík: Iðunn, 1979, bls. 81.

Bar það til eftir veturnætur einn morgun, þá Þorsteinn [bóndi Tómasson] vaknaði, að [NN] var burt úr hvílu sinni. Var þá farið að gæta kringum bæ, hvort ekkert sæist til hennar, og fannst hún brátt dauð í austanverðu síki því, er Lón heitir og liggur sunnanvert við völlinn. Hugðu menn, að hún mundi ætlað hafa að ganga fram í Tungusveit að finna son sinn, [NN] bónda á Steinsstöðum, en villt út í Lónið, því dimmt var. Hafði hún snúið til baka, þegar á henni dýpkaði vatnið, dottið áfram og ekki getað reist sig við aftur og drukknad þar.⁸⁸

Hér vekur athygli að nákvæm atburðarás er spunnin um hvarf konunnar. Engu virðist þó á að byggja nema staðsetningu, stefnu og stöðu líksins í síkinu. Þar sem lónið var sunnan túns gat hugsast að konan hefði ætlað fram í Tungusveit. Stefna líksins benti á hinn bóginn til hins gagnstæða. Þessi mótsögn var túlkuð svo að konan hefði reynt að bjarga sér til sama lands eftir að hafa villst út í vatnið í stað þess að hún hefði steypt sér í það, líkt og sagt var um manninn frá Eyhildarholti. Athygli vekur að ekki er vikið að geðheilsu konunnar. Þvert á móti virðist gengið út frá að hún hafi verið yfirveguð og búíð að getu til að bregðast rökrétt við.

Samkvæmt manntali frá 1845 höfðu þau sem hér um ræðir svipaða stöðu. Karlinn í Eyhildarholti var 58 ára gamall ekill sem lifði af smíðum. Hann var því sjálfs sín og hefur líklega verið húsmáður á bænum. Honum hefur því ekki borið skylda til að gera grein fyrir ferðum sínum. Konan var ekkja en mun eldri en karlinn, 74 ára gömul, og sögð barnfóstra á öðru af tveimur heimilum í Syðra-Vallholti. Hún virðist því hafa haft formlegri tengsl við húsbændur sína en smiðurinn og hefur því fremur þurft að upplýsa þá um áform sín og jafnvel fá samþykki þeirra fyrir að bregða sér burt af heimilinu. Hjú voru engan veginn frjáls ferða sinna og ekkert frekar að næturlagi en á daginn. Konan var auk þess öldruð og nokkurra kílómetra vegalengd fram í Steinsstaði.⁸⁹ Því má spyrja hve fær hún var til ferðarinnar fótgangandi í myrkri. Vafamál er hvort ekki liggja allt eins beint við að ætla að konan hafi stytta sér aldur, hvað svo sem kann að hafa orðið um karlinn. Þá var sjálfsvíg gamallar konu alls ekki einsdæmi um þetta leyti. Sveitaheimili á níjtjándu öld voru allt í senn vinnustaðir fólks, helsti vettvangur menningarlífs þess og félagslegra samskipa, auk þess að vera gríðastaðir. Var baðstofan sýnilegt tákn þessa en þar fór fram margs konar heimilisiðnaður og handverk og andleg iðkun á kvöldvökum og við húslestra, auk þess sem þorri heimilisfólksins svaf þar. Heimilin voru því þétt riðin samfélög þar sem gagnkvæm kynni og samskipti fólks voru alla jafna mikil.⁹⁰ Óvarlegt kann þó að vera að álykta sem svo að samskipti allra á heimilinu hafi ætíð verið nán. Í réttarprófum sem haldin voru til að komast að því hvernig dauða þeirra sem létust voveiflega hefur borið að kemur hið gagnstæða oft fram.⁹¹ Þá kunna vitni vissulega að hafa séð hagsmuni sína í því að draga úr kynnum sínum af hinum

⁸⁸ Jón Espólin og Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847* 4, bls. 81.

⁸⁹ Bein sjónlína milli bæjanna er um 7,5 km. Alfaraleið hefur verið eitthvað lengri en líklega ekki neinar teljandi torfærur á leiðinni.

⁹⁰ Sjá t.d.: Kristmundur Bjarnason, *Í barnsminni: Minningaslitur frá bernskuárum*, Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2019. Dæmið er að vísu frá prestssetri á tuttugustu öld. Venjuleg heimili á níjtjándu öld voru almennt fámennari.

⁹¹ Vegna sjálfsvígs karls að Hjöllum í Þorskafríði bar húsfreyjan að hún og sá látni hefðu sofði hvort í sínum enda baðstofunnar og hún því ekki vitað svo mikið hvað honum leið né hvað hann skrafaði. *ÞÍ*. Sýslumaður Barðastrandarsýslu. GA/3-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1847–1852, bls. 82–83. Á heimilinu voru 10 manns og kunna öll að hafa sofði í baðstofunni. Þá skýrði vinnumaður á Firði í Barðastrandarsýslu svo frá að hann og gamall maður á bænum sem fyrirför sér hefðu engin samskipti haft nema til að bjóða góðan dag fyrir utan eitt samtal sem þeir hefðu átt sunnudag einn. *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/4-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1857–1863, [án bls.tals]. Á bænum voru 15 manns í heimili.

látnu. Heimilisfólkið á býlunum tveimur hefur þó haft margháttaða innsýn í líf og hagi hvert annars og hefur það því haft margt við að styðjast sem nútímallesanda er ekki kunnugt um. Hér, eins og í öðrum tilvikum, verður byggt á mati samtímafólks. Í þessari rannsókn er fyrra atvikið því talið sjálfsvíg en ekki hið síðara, burtséð frá efasemdum höfundar. Þessi álitamál hafa verið tíunduð hér til að lýsa hve varlega verður að fara þegar slá skal einhverju föstu um sjálfsvíg fyrr á tímum.

Tölfræðilegt yfirlit

Við þjóðháttufræðilegar rannsóknir er gagnlegt að greina upplýsingar með tilliti til nokkurra vídda eða breyta. Er þar átt við tímasetningu, í þessu tilviki tíma- setningu sjálfsvígsins sem er til skoðunar, kyn, aldur og atvinnu- og hjúskapar- stétt þeirra sem í hlut eiga. Í þessari rannsókn hafa fundist heimildir um 167 sjálfsvíg á nítjándu öld. Þar áttu 133 karlar í hlut en 34 konur.⁹² Dreifast þau eftir tíma og kyni eins og sýnt er í töflu 1 á næstu síðu.

Auk þess hafa fundist heimildir um fimm sjálfsvígstílaunir þar sem mögulegt var að græða hlutaðeigandi. Vafi er á um hvort 15 tilvik eigi að teljast sjálfsvíg eða slys, t.a.m. voðaskot. Loks er vitað um tvo Íslendinga sem stytta sér aldur í Danmörku og þrjá erlenda sjómenn sem bundu enda á líf sitt meðan stóð á skammri dvöl skipa þeirra hér. Þessi atvik eru ekki tekin með í þessari rannsókn.

Þær tölur sem fram koma hér á eftir sýna alls ekki raunfjölda sjálfsvíga á rannsóknartímanum. Eðli máls samkvæmt verður sú tala enda aldrei kunn. Opinberar tölur eru aftur á móti til varðandi hluta af tímabilinu. Samkvæmt þeim voru sjálfsvíg á þeim hlutum rannsóknartímans alls 180 á móti 123 sem koma fram í þeim gögnum sem hér er fjallað um. Þetta skiptir þó tæpast sköpum fyrir þessa rannsókn. Markmið hennar er aðeins að afla nægilega margra dæma til að geta ályktað nokkuð um hvernig aðstæður í sveitasamfélaginu mótuðu sjálfsvíg á nítjándu öld, hvaða innsýn sjálfsvígin veita í samfélagsgerðina og stöðu einstaklinga í sveitasamfélaginu. Til þess virðast þau tæplega 170 tilvik sem hér er byggt á nægja. Sökum þess hve miklu skeikar á niðurstöðum rannsóknarinnar og opinberu tölunum, sem og vegna þess að líklegt er að draga megi úr þeim mun með ítarlegri könnun á óbirtum heimildum í skjalasöfnum, ber að líta á þessa rannsókn sem tilraun, eða forkönnun, eins og fram kemur í titli greinarinnar.

⁹² Rannsókn sína á sjálfsvígum á sautjándu og átjándu öld byggir Hrafnkell Lárusson á annálaútgáfunni *Annálar 1400–1800* og kemst að þeirri niðurstöðu að „raunfjöldi skráðra tilvika“ sé samtals 152 að hámarki (69 á sautjándu öld en 83 á þeirri átjándu). Hann telur þó sjálfsvígstílaunir sem ekki leiddu til dauða og vafatilvik með. Samkvæmt þeim viðmiðum sem hér er beitt væru tilvikin alls 139 þessar tvær aldir. Hlutfallið milli karla og kvenna var 2,6 karlar á móti hverri konu og virðist það hafa haldist áþekkt báðar aldirnar. Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði“, bls. 43, 45, 49–50. — Samkvæmt þessari rannsókn var hlutfallið 3,9 á nítjándu öldinni.

Tafla 1. Sjálfsvíg á nítjándu öld. Dreifing eftir áratugum og kyni

| Áratugur | Niðurstöður könnunar | | Opinberar tölur | |
|----------------|----------------------|------------|----------------------------------|------------------|
| | Konur | Karlar | Konur | Karlar |
| 1800–1810 | 1 | 4 | | |
| 1811–1820 | 1 | 6 | | |
| 1821–1830 | 1 | 2 | | |
| 1831–1840 | 2 | 2 | | |
| 1841–1850 | 2 | 14 | | |
| 1851–1860 | 3 | 16 | 3 | 25 ⁹³ |
| 1861–1870 | 3 | 23 | 4 | 28 ⁹⁴ |
| 1871–1880 | 1 | 8 | | |
| 1881–1890 | 7 | 19 | 21 | 33 ⁹⁵ |
| 1891–1900 | 13 | 39 | Konur og karlar 66 ⁹⁶ | |
| Samtals | 34 | 133 | (180) | |

Af töflu 1 mætti ætla að áberandi breyting hafi orðið á tíðni sjálfsvíga á fimmta áratugi aldarinnar og þá aðallega meðal karlanna. Þar er þó einkum um að ræða breyttar aðstæður hvað heimildir áhrærir. Á fyrri hluta tímabilsins var á fáu að byggja fyrir utan *Annál nítjándu aldar* og sagnarit Jóns Espólíns og samstarfsmanna hans. *Djóðólfur* hóf hins vegar göngu sína 1848. Síðar bættust fleiri landsmálablöð við og tóku að miðla upplýsingum um mannlát. Um og upp úr 1880 eflidist blaðaútgáfa svo enn og kann það að skýra uppsveiflu í skráðum fjölda sjálfsvíga í lok tímabilsins. Óraunhæft er því að ræða um fjöldaþróun á tímabilinu og engu hægt að slá föstu um að sjálfsvígum hafi fjölgað er á öldina leið.

Ekki kemur á óvart að tekist hafi að afla heimilda um mun fleiri sjálfsvíg karla en kvenna, hvað svo sem segja má um hlutföllin milli kynjanna. Í ljósi nútímaaðstæðna má enda ætla að mun fleiri karlar en konur hafi banað sér á tímabilinu. Auk kyns eru aldur, stétt og hjúskaparstaða breytur sem áhugavert er að huga að í þessu sambandi. Af fáorðum frásögum sem af sjálfsvígum fara er oft

⁹³ Arnljótur Ólafsson, „Um mannfjölda á Íslandi“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 1*, bls. 329–404, hér 356–358, 363; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi 1860 og 1861“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 3*, bls. 189–226, hér 197; Arnljótur Ólafsson, „Mannfjöldi á Íslandi 1856“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 2*, bls. 1–30, hér 9; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi 1857“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 2*, bls. 221–237, hér 235; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi 1858“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 2*, bls. 345–363, hér 361; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi 1859“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 2*, bls. 573–592, hér 581.

⁹⁴ Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi 1860 og 1861“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 3*, bls. 207; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi árið 1862“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 3*, bls. 369–392, hér 377; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi árið 1863“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 3*, bls. 617–643, hér 625; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi árið 1864“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 3*, bls. 723–759, hér 731; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi árið 1865“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 4*, bls. 133–178, hér 141; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi árið 1866“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 4*, bls. 411–456, hér 419; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi árið 1867“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 4*, bls. 661–706, hér 629; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi árið 1868“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 4*, bls. 783–808, hér 791; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi árið 1869“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 5*, bls. 101–129, hér 125; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi árin 1870 og 1871“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 5*, bls. 553–596, hér 561; Sigurður Hansen, „Mannfjöldi á Íslandi árin 1870 og 1871“, *Skýrslur um landsbagi á Íslandi 5*, bls. 553–596, hér 573.

⁹⁵ *Skýrslur um heilbrigði manna á Íslandi árin 1881–1890*, Reykjavík: Skrifstofa landlæknis, 1965, bls. 5, 17, 31, 43, 55, 70, 80, 93, 104, 114; *Stjórnartíðindi 1887 C*, bls. 6, 12, 18, 24, 30; *Stjórnartíðindi 1889 C*, bls. 42, 49, 56; *Stjórnartíðindi 1891 C*, bls. 59, 67. Hér munar einum einstaklingi á tölum úr *Skýrslum um heilbrigði manna og Stjórnartíðindum*.

⁹⁶ *Skýrslur um heilbrigði manna á Íslandi árin 1891–1895 með viðauka við skýrslur árin 1896–1900*, Reykjavík: Skrifstofa landlæknis, 1961, bls. 95, 99, 101, 105, 111. Sjá og: [Án höfundar], „Nýtt og gamalt/Sjálfsmorð“, *Stefnir* 2. mars 1889, bls. 19–20. Tölurnar eru ekki brotnar upp eftir kyni.

engu hægt að slá föstu um aldur þeirra sem í hlut eiga. Með hjálp manntalsgrunnns Þjóðskjalasafns er þó mögulegt í allnokkrum tilvikum að komast að raun um hann. Af ummælum heimildanna má líka oft álykta nokkuð um aldurinn út frá titlum sem viðhafðir eru eða öðrum bakgrunnsupplýsingum sem fram koma. Hér skiptir þó nákvæmur lífaldur ekki máli heldur til hvaða aldurshóps eða æviskeiðs fólkið telst út frá þeirri skiptingu sem viðhöfð var í hefðbundnum sveita-samfélögum. Þar er almennt miðað við fjórskiptingu: Bernskan náði fram til ríflega tíu ára aldurs. Þá tóku ungdómsárin við og náðu a.m.k. fram til giftingaraldurs eða um 25 ára aldurs. Síðan komu fullorðinsárin til um 55 ára aldurs er ellin var talin hefjast.⁹⁷ Fullorðinsárin spanna hér breiðasta bilið enda fellur hátt í þriðjungur tilvikanna undir þau.⁹⁸

Ungdómsárin og ellin verðskulda sérstaka athygli í samhengi þessarar rannsóknar. Á báðum æviskeiðum getur fólk horft fram á róttæk umskipti sem á rannsóknartímanum þurftu síður en svo að verða til góðs heldur voru oftar en ekki til þess fallin að vekja áhyggjur, kvíða, depurð og jafnvel þunglyndi. Á níttjándu öld var framtíðarsýn ungmenna ekki alltaf björt og hefur hæglega og í mörgum tilvikum getað leitt til vonleysis. Á ungdómsárunum, sem náðu frá um fermingu fram að giftingaraldri (u.þ.b. 15–25 ára), þurfti fólk að axla aukna ábyrgð og standa á eigin fótum. Algengt var að börn yfirgæfu bernskuheimili sitt um fermingu og flyttust til vandalausra. Við tók vinnumennska og stundum tíð vistaskipti sem einstaklingurinn réð stundum litlu um. Hjú voru mjög upp á hús-bændur sína komin en þeir voru misjafnir, sem og allur heimilisbragur sem hjúanna beið á nýjum stað. Þá ber að hafa í huga að þeir sem töldust til ungdómsins áttu ekki með sig sjálfir, þ.e. voru ekki nema að litlu leyti sjálfráða. Það varð fólk fyrst er það náði að ganga í hjónaband og hefja eigin búskap. Hvort og hvenær það varð valt á ýmsu og þá einkum jarðnæði og efnahagslegum burðum.

Um viðhorf gamals fólks, 55 ára og eldri, til framtíðarinnar þarf ekki að hafa mörg orð þegar haft er í huga hve innviðir á sviði velferðar- og félagsmála voru vanburðugir hér. Mikið valt því á efnahag og félagslegri stöðu fólks að öðru leyti á þessu síðasta skeiði ævinnar. Þá má líta svo á að sjálfræði gamals fólks hafi smám saman fjarð út og það orðið öðrum háð, hver svo sem staða þess hafði verið á manndómsárunum. Þá gat syrt í álinn í fjárhagslegu tilliti er aldurinn færðist yfir og mörg hafa orðið að horfast í augu við veikari félagslega stöðu og breytt almenningsálit vegna þess eða annars sem fylgdi ellinni.

Bæði í tilviki æsku og elli má svo gera ráð fyrir ýmsum öðrum vanda. Má þar nefna ýmiss konar lífeðlis- og læknisfræðileg fyrirbæri sem höfðu áhrif á líkamlega og andlega líðan á mörkum æsku- og fullorðinsára, líkt og gerist nú á dögum, en á hinn bóginn vaxandi heilsuleysi og hrörnun meðal hinna öldruðu.

Sé hugað að aldursskiptingu þjóðarinnar við upphaf, miðbik og lok rannsóknartímans kemur í ljós að hlutfall beggja aldurshópanna, ungdóms og elli, af heildarmannfjölda lækkaði á rannsóknartímanum eins og sýnt er í töflu 2.

⁹⁷ Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld: Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*, Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10, ritstj. Jón Guðnason, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1983, bls. 46–56.

⁹⁸ Fullorðins- eða manndómsárin spönnuðu um 30 ár. Ellin gat spannað jafnlangt aldursbil eða jafnvel lengra ef svo bar undir. Þar skipti þó langlífi einstakra manna máli og munur gat verið mikill milli aldurs þeirra sem náðu hæstum aldri og meðalaldurs. Því var um fremur ósamstæðan hóp að ræða.

Tafla 2. Hlutfall aldurshópanna *ungdóms* (15–24 ára) og *elli* (55 ára og eldri) af heildarmannfjölda 1801, 1850 og 1901 meðal karla og kvenna⁹⁹

| Aldurshópur | 1801 | | 1850 | | 1901 | |
|-------------|-------|--------|-------|--------|-------|--------|
| | Konur | Karlar | Konur | Karlar | Konur | Karlar |
| Ungt fólk | 28,5% | 30,6% | 17,8% | 22,5% | 12,4% | 17,3% |
| Aldrað fólk | 22,3% | 16,8% | 12,4% | 10% | 13,8% | 8% |

Af þeim 167 sem fyrirfóru sér og gengið er út frá í þessari rannsókn falla um 20 manns undir ungdóminn og skiptast jafnt á milli kynjanna. Er það athyglisvert þegar þess er gætt hve sjálfsvíg voru almennt tíðari meðal karla en kvenna á rannsóknartímanum. Rúmlega 30 manns teljast aftur á móti öldruð, eða átta konur og 23 karlar. Hlutfall gamalla kvenna sem stytta sér aldur er hér lægra en kvenna almennt í þýðinu.¹⁰⁰ Samtals tilheyra um 30 prósent tilvikanna aldurs-skeiðunum tveimur. Hlutfallstölur koma fram í töflu 3.

Tafla 3. Hlutfall sjálfsvíga meðal *ungdóms* og *aldraðra* af heildarfjölda sjálfsvíga eftir kyni

| Aldurshópur | Konur | Karlar |
|-------------|-------|--------|
| Ungt fólk | 29% | 7,5% |
| Aldrað fólk | 23,5% | 17,2% |

Með tilliti til heildarfjölda sjálfsvíga meðal kvenna annars vegar en karla hins vegar má sjá að hlutfall kvennanna á æviskeiðunum tveimur er mun hærra en karlanna í báðum þessum flokkum. Skýrist það væntanlega af viðkvæmari stöðu kvenna í samfélaginu. Einkum vekur athygli hve hátt hlutfall ungra kvenna er meðal þeirra sem stytta sér aldur og hve mikill munur kemur fram milli kynjanna á fyrri æviskeiðinu. Alla nítjándu öldina voru konur töluvert fleiri en karlar hér á landi.¹⁰¹ Líkurnar á að ganga í hjónaband og verða þar með fullgildar húsfreyjur voru því takmarkaðri en karlanna að verða bændur. Við mörgum ungum stúlkum hefur því blasað að þær yrðu aldrei félagslega fullveðja.¹⁰² Hlýtur það að hafa verið framtíðarsýn sem ýtt hefur undir vonleysi og kvíða. Þá virðist gömlum konum fremur hafa hætt til að fallast hendur gagnvart ellinni en körlum.

Af tölunum má ráða að ungir karlar hafi aftur á móti ekki verið áhættuhópur hvað sjálfsvíg varðar, öfugt við það sem gerist nú á dögum. Eldri körlum hefur aftur á móti verið mun hættara við að falla fyrir eigin hendi en ungum mönnum, öfugt við það sem gerðist meðal kvennanna.

Hér síðar verður sérstaklega fjallað um sjálfsvíg meðal þessara tveggja aldurs-hópa út frá einstökum dæmum.

Sökum þess hve snubbóttar margar sjálfsvígsfregnanna eru, er aðeins mögulegt að greina rúmlega 57 prósent þeirra karla eftir stétt sem hér eru taldir hafa banað sér á nítjándu öld. Vissulega væri hægt að greina stærri hluta með hjálp

⁹⁹ *Hagskinna*, bls. 124–127.

¹⁰⁰ Í heildarþýðinu frömdu 3,9 karlar sjálfsvíg á móti hverri konu en meðal aldraðs fólks var hlutfallið 2,8 karlar á móti hverri konu.

¹⁰¹ *Hagskinna*, bls. 124–127.

¹⁰² Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 119.

manntalsgagna sem ekki verður gert hér. Þessi vansæli hópur verður því áfram að verulegu leyti andlitslaus og óþekktur. Hópur kvennanna er á hinn bóginn gagnsærri að því leyti að mögulegt er að greina hann betur eftir stétt, aldri og/eða hjúskaparstöðu. Rúmur helmingur karlanna sem á annað borð er mögulegt að flokka með hjálp þeirra gagna sem hér er stuðst við kom úr hópi bænda eða uppgjafarbænda. Á það við um 40 manns. Eðlilegt er að um svo stóran hóp sé að ræða þar sem bændastéttin var mjög fyrirferðarmikil í sveitasamfélaginu og spannaði mjög ósamstæðan hóp hvað félagsstöðu, efnahag og afkomu varðaði. Hópur þeirra bænda sem taldir eru hafa framið sjálfsvíg er einnig ósamstæður innbyrðis en tekið er fram um þá suma að þeir hafi verið helstu efnabændur sveitar sinnar. Hitt vekur meiri athygli að einungis er mögulegt að flokka um tug karlanna undir stétt hjúa. Hlutföllin kynnu þó að snúast við ef mögulegt væri að brjóta upp þann helming sem nú er óflokkanlegur eftir stétt.¹⁰³ En líklegt er að fáorðar fréttir vísi frekar til karla sem ekki áttu með sig sjálfir, þar á meðal vinnumanna og jafnvel niðursetninga, en til sjálfstæðra húsbænda. Það er raunar athyglisvert að ekkert dæmi hefur fundist þar sem þess er getið að niðursetningur hafi ráðið sér bana.¹⁰⁴ Augljóslega er það ekki sönnun þess að slíkt hafi ekki gerst. Þvert á móti sýnir þetta að öllum líkindum hve ósýnilegur þessi þjóðfélagshópur var bæði í lífi og dauða. Að öðru leyti skiptust þeir karlar sem hlut áttu að máli eins og sést á töflu 4.

Tafla 4. Sjálfsvíg meðal karla á níttjándu öld eftir stéttum

| Stétt | |
|------------------------------|------------------|
| Bændur | 37 |
| Uppgjafarbændur | 3 |
| Sjómenn/fiskarar | 5 |
| Vinumenn | 9 |
| Húsmenn | 1 |
| Verslunarmenn ¹⁰⁵ | 4 |
| Handverksmenn ¹⁰⁶ | 10 |
| Smáskammtalæknar | 1 |
| Prestar | 2 ¹⁰⁷ |
| Ungir karlar ¹⁰⁸ | 5 |
| Samtals | 77 |

¹⁰³ Á síðari hluta rannsóknartímans lætur nærri að stétt vinnumanna í landinu hafi verið heldur fámennari en stétt fullveðja bænda, þ.e. að vinnumenn hafi verið ½–1 á hvern bónda. *Hagskinna*, bls. 211. Dæmi: „Maður hengdi sig í Staðarsveit“. Pjetur Guðmundsson, *Annáll níttjándu aldar 1*, bls. 252.

¹⁰⁴ Fundist hefur eitt dæmi um sjálfsvígstilraun aldraðrar konu í niðursetu. Hún hélt lífi. *Í. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Sauðárkróki*. GA/7-5. Dóma- og þingbók 1869–1871, bls. 370–372.

¹⁰⁵ Á við einn verslunarstjóra og þrjá óbreytta verslunarmenn.

¹⁰⁶ Á við fimm smíði á tré og járn, tvo beykja, tvo bókbindara og einn söðlasmið.

¹⁰⁷ Álitamál er hvort líta eigi svo á að þriðji presturinn, Þorsteinn Helgason (1806–1839) í Reykholti, hafi banað sér en hann fórst í Reykjadal. Pjetur Guðmundsson, *Annáll níttjándu aldar 2*, bls. 126; Jón Espólin og Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847 3*, Reykjavík: Iðunn, 1978, bls. 110; Páll Eggert Ólason, *Íslenskar aviskrár 5*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1952, bls. 209. — Þegar höf. flutti í Reykholt 1977 var alatalað að Þorsteinn hefði fyrirkomið sér og hefði þunglyndi verið um að kenna.

¹⁰⁸ Um er að ræða fjóra prestssyni, þar af einn í skóla, og einn stúdent. Þegar brjóta skal sveitasamfélagið upp eftir stéttum er litið svo á að prestskonur og jafnvel ekkjur presta, sem og ógift börn þeirra, tilheyri prestastéttinni.

Mögulegt er að flokka allar konurnar sem fyrir koma í rannsókninni eftir hjúskaparstöðu eða starfsstétt eins og sést á töflu 5.

Tafla 5. Sjálfsvíg meðal kvenna á níttjándu öld eftir hjúskaparstétt, aldri eða starfsstétt

| Stétt | |
|-----------------------------|-----------|
| Giftar konur ¹⁰⁹ | 5 |
| Ekkjur ¹¹⁰ | 4 |
| Vinnukonur | 5 |
| Ungar konur | 11 |
| Aðrar konur | 9 |
| Samtals | 34 |

Giftu konurnar, ekkjurnar og vinnukonurnar komu almennt frá sveitaheimilum og tengjast þannig bændastéttinni. „Ungu konurnar“ eru í heimildum nefndar „meyjar“ eða „stúlkur“. Hafa þær því verið ólofaðar og í annarra skjóli eða þjónustu og þá frekar foreldra eða skyldmenna en vandalausra þar sem þær eru ekki nefndar vinnukonur eða gefinn annar hjúatitill. Þarna var einnig stúlka sem lokið hafði ljósmóðurnámi án þess að hafa verið búin að fá stöðu/hérað. Hópurinn „aðrar konur“ nær yfir þær sem kallast í heimildum „ógiftar konur“ og þær sem eru nefndar „kvenmenn“. Þær voru væntanlega allar komnar af léttasta skeiði og ógiftar. Þær hafa verið í vist hjá öðrum og væntanlega flestar verið hjú bænda. Konurnar hafa því væntanlega, með einni undantekningu eða tveimur, verið hluti af hinu eiginlega sveitasamfélagi. Í heild virðast því um 75 af hundraði sjálfsvíganna hafa verið framin af fólki sem tengdist landbúnaði.

Sé hugað sérstaklega að hjúskaparstöðu þeirra sem stytta sér aldur liggur hjúskaparstaða kvennanna sem sé oftast fyrir. Um fjórðungur þeirra var giftur eða hafði verið í hjónabandi. Bændurnir og uppgjafarbændurnir hafa nær undantekningarlaust einnig verið í hjónabandi eða verið ekklar. Torveldara er að ákvarða hjúskaparstöðu hinna karlanna innan þeirra marka sem greininni eru sett. Þar strandar á hve stór sá hluti þeirra er sem ekki er mögulegt að flokka. Það sem hér segir sýnir að stéttaskipting þeirra sem stytta sér aldur endurspeglar vel sveitasamfélagið og að flest þeirra sem það gerðu tilheyrðu hefðbundnum landbúnaðarstéttum, bændafólki og hjúum þess.

Ungdómur og aldrað fólk

Eins og fram er komið voru allnokkur brögð að því að ungt fólk, einkum konur, upp að 25 ára aldri, sem og aldrað, eða fólk yfir 55 ára, réði sér bana. Skal nú vikið að þessum tveimur hópum sérstaklega. Ekki verður farið í saumana á öllum þeim sjálfsvígum sem urðu í þessum tveimur aldurshópum heldur verður athyglinni beint að nokkrum dæmum sem sérstaklega glöggar heimildir eru varðveittar um.

¹⁰⁹ Á almennt við húsfreyjur í sveit.

¹¹⁰ Á almennt við ekkjur bænda.

Þegar um ungt fólk er að ræða skal hér sérstaklega staldrað við fimm tilvik en um þau eru til fyllri heimildir en önnur.¹¹¹ Fredrik Hillebrandt var auðugur kaupmaður í Kaupmannahöfn sem hóf verslun á Hólanesi (Skagaströnd) árið 1835. Var hún rekin undir stjórn verslunarstjóra en Hillebrandt sjálfur bjó áfram í Danmörku. Hann átti a.m.k. tvo syni sem þóttu einráðir og uppivöðslumiklir í æsku og sendi faðirinn þá því báða til Íslands þar sem þeir skyldu mannast. Sá eldri þeirra, Fredrik, kom fyrst til landsins um 1860 og dvaldi hér oft á sumrum en ytra yfir veturinn. Árið 1874 tók hann við verslunarstjórastöðunni og dvaldi eftir það lengst af hér, kvæntist til fjár ekkju sem var helmingi eldri en hann, eða 72 ára gömul, og dó hann hér árið 1885. Meðan Fredrik dvaldi ytra, eða vorið 1871, kom yngri bróðinn, Konrad, þá um tvítugt, til landsins og skyldi vera a.m.k. árlangt. Kom hann fólki svo fyrir sjónir að hann væri viðkvæmur, ístöðulítill, „hverflyndur og fljótlyndur“, en góðmenni í raun. Nokkru fyrir komu hans urðu verslunarstjóraskipti. Jens A. Knudsen lét þá af starfinu og fluttist að Ytri-Ey, skammt frá verslunarstaðnum, en við tók systursonur hans, Thomas J. Thomsen, sem hafði áður starfað við verslunina. Fluttu móðir Thomsens og tvær systur á tvítugsaldri til hans við stöðuhækkunina. Dvöldu systurnar lengstum á Ytri-Ey og leitaði Konrad oft þangað, sér til afþreyingar. Í lok febrúar 1872 dó Knudsen. Var honum haldin mikil útför en Konrad var ekki boðið. Hefur það e.t.v. talist óþarft eða óviðeigandi vegna ungs aldurs hans og stöðu að öðru leyti. Féll honum það illa en fór eigi að síður. Var talið að honum hefði fundist sér tekið fálega, ekki síst af systrunum tveimur. Kann honum að hafa þótt að sín biði nú mikill einstæðingsskapur þegar heimilið á Ytri-Ey stóð honum ekki eins opið og áður. Síðdegis er Konrad kom heim í Hólanes kvað heimilisfólkið hann hafa gengið til herbergis síns uppi á lofti og læst að sér. Skömmu síðar opnaði hann þó hurðina og bað mann um að færa Thomsen verslunarstjóra skrifaðan miða. Í kjölfarið dundi svo við hávaði og kom byssukúla gegnum hurðina og lenti í fæti á manni er þar var staddur. Herbergið var þegar í stað brotið upp og lá Konrad þá í blóði sínu á gólfinu. Virtist hann hafa beint byssuhlaupi á sig miðjan. Lá hann upp í loft með sár á kviðnum og stóðu þarmarnir þar út en kúlan hafði farið gegnum síðuna og lét eftir sig sár á bakinu. Konrad lifði til klukkan 11 um kvöldið er honum blæddi út. Ekki virtist hann kveljast mikið nema fyrstu klukkustundina en þá hljóðaði hann ákaft. Síðan leit út fyrir að honum hægðist. Jósep Skaftason læknir var sóttur en gat ekkert að gert nema fjarlæggt kúlunna úr fæti mannsins sem slasast hafði. Tveir handverksmenn, söðlasmiður og trésmiður, voru fengnir til að vera yfir Konrad uns yfir lauk.¹¹² Ekki er þess getið að prests hafi verið vitjað. Ástæðan fyrir sjálfsvígínu virðist

¹¹¹ Vorið 1890 skaut smalapiltur í Vatnsfirði sig til bana í klettaskoru þar skammt frá bænum. Kann hann að vera sá yngsti er féll fyrir eigin hendi á rannsóknartímabilinu. [Án höfundar], „Sjálfsmörð“, *Fjallkonan* 6. maí 1890, bls. 1; [Án höfundar], „Sjálfsmörð“, *Fréttir frá Íslandi*, 1890, bls. 27; [Án höfundar], „Sjálfsmörð“, *Þjóðviljinn* 11. apríl 1890, bls. 52.

¹¹² [Án höfundar], „Banaskot“, *Þjóðólfur* 10. apríl 1872, bls. 82; [Án höfundar], „Sannleikurinn er sagna beztur“, *Norðanfarir*, 15. október 1872, bls. 99 (aukabláð); Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar* 4, Finnur Sigmundsson bjó til prentunar, Akureyri: Bókaútgáfan Edda og Árni Bjarnarson, 1942–1954, bls. 72; Magnús Björnsson, „Húsfrú Þórdís“, [Án höfundar], *Svipir og sagnir: Þættir úr Húnavatnsþingi*, [án útgáfustaðar]: Sögufélagið Húnavetningur, 1948, bls. 11–66, hér 37–52, 56–66. Magnús Björnsson telur að Sigurður Jóhannesson skáld, er síðar bjó á Mánaskál og fór þaðan til Ameríku, hafi setið yfir Konráði. Magnús Björnsson, „Húsfrú Þórdís“, bls. 41. Það stangast á við samtímaheimildir.

öðru fremur hafa verið félagsleg, þ.e. ótti við einangrun, en hann dvaldi hér einn síns liðs og hafði misst helsta athvarf sitt á landinu.

Sjálfsvíg Konrads Hillebrandt virðist um margt „nú tímalegt“ þegar litið er til þess að í hlut átti maður um tvítugt sem ekki tilheyrði sveitasamfélaginu, bjó í húsakynnum sem veittu honum persónulegt svigrúm, öfugt við íveruhús alls almennings, og að hann réð sér bana með byssuskoti, sem ekki var algengt í hinu hreinræktaða sveitaumhverfi. Loks kann hann að hafa látið eftir sig einhvers konar kveðjubréf en um slíkt bréf hefur aðeins fundist eitt annað dæmi enda hefur alþýðufólk líklega búið yfir takmörkuðum forsendum til að tjá sig skriflega um svo viðkvæm mál.¹¹³ Vissulega er ekkert vitað hvað stóð á miðanum sem Konrad sendi verslunarstjóranum en nokkru meira er vitað um efni hins bréfsins sem líta má á sem kveðjubréf en það bréf skapaði meiri vanda en það leysti.

Árið 1869 varð uppvíst að ungur bóndi í Landssveit hafði gert sig sekan um að marka upp fé á víðavangi undir sitt eigið mark sem auðvitað var sauðaþjófnður. Meðan hann beið eftir að rannsókn á máli hans lyki hengdi hann sig í hesthúsi sínu. Í rannsókn á dauða mannsins kom fram að innan klæða á brjósti líksins hefði fundist „nafnlaus miði“ sem hann hafði líklega skrifað sjálfur. Textinn tjáði sjálfsásökun, raunatölur um að lífið væri orðið honum byrði og fyrirbætur „[...] en sem aldeilis var marklaust [...]“ að hyggju vitnis sem kom fyrir réttinn. Samt ímyndaði það sér að örvænting og blygðunarsemi „[...]“ útaf misverknaði þeim, sem hann var orðinn uppvís að, hafi valdið þessu fyrirtæki hins látna.¹¹⁴ Annað vitni bar að það hefði einnig séð bréfið en það hefði verið tómar ósamhangandi raunatölur, marklaust rugl og fyrirbætur sem ekkert hefði getað upplýst. Sýslumaðurinn lét bóka í dómabókina að vitnin hefðu sýnt honum bréfið. Hefði það verið nafnlaust, ódagsett og auðsjáanlega skrifað

[...] í örvæntingar þankabrotum útaf hvernig komið væri fyrir látna. Það var mest fyrirbætur og raunatölur, en af því þar örlaði á þúngum huga til þeirra manna, sem fyrstir höfðu komið misverknaði hins dauða í hámaeli, þó það einnig væri ósamhangandi og ómerkilegt þótti réttast að eyða blaði því.¹¹⁵

Ekkert kom fram um að ekkju bóndans né öðrum aðstandendum hefði verið kynnt efni bréfsins. Viðbrögð vitnanna og sýslumannsins sýna að þau hafa ekki gert sér far um að setja sig inn í hugarástand hins örvæntingarfulla manns heldur aðeins litið til þess hvort bréf hans gæti upplýst eitthvað um brot hans.

Í stað kveðjubréfa er þess í nokkrum tilvikum getið að fólk hafi skilið eftir hluti með þeim hætti að túlka mátti sem merki þess að það hefði sjálft ráðið sér bana. Um miðja öldina (árið 1852) réð roskinn maður sér bana vestur í Þorska-firði. Hjá honum fannst klútur, húfa, vettlingar og lítil skjóða og var steinn lagður ofaná. Var þetta talið sýna að hér hefði ekki neinn annar verið að verki en hinn látni.¹¹⁶ Tæpum áratug síðar hvarf maður um tvítugt af bæ austur í Seyðisfirði að næturlagi. Fundust skór hans um morguninn á ísskór við sjóinn sem var örskammt frá bæjardyrum.¹¹⁷ Undir lok rannsóknartímans fannst gömul

¹¹³ Slík bréf voru fyrr á tíð einnig sjaldséð erlendis eins og t.d. í Svíþjóð. Arne Jarrick, *Hamlets fræga*, bls. 39.

¹¹⁴ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. GA/6-1. Dóma- og þingbók Rangárfings 1869–1872, bls. 20–24.

¹¹⁵ Sama stað.

¹¹⁶ Sama heimild, bls. 89, 92.

¹¹⁷ Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar 3*, Akureyri: Hallgr. Pjetursson, 1931–1941, bls. 221–222; [Án höfundar], „Mannalát og slysfarir“, *Norðanfari* 1. febrúar 1864, bls. 8.

kona svo vestur í Ísafjarðarsýslu örend á grúfu í ársprænu nálægt heimili sínu. Var hún með klút bundinn fyrir augun. Pontuna sína og „[...] annað smávegis, er hún hafði á sér, hafði hún skilið eptir snyrtilega á árbakkanum.“¹¹⁸ Loks var maður talinn hafa farið fram af bryggju austur á Búðareyri við Seyðisfjörð. Fundust vettlingar hans á bryggjusporðinum og var það túlkað svo að hann hefði stytst sér aldur þar við bryggjuna.¹¹⁹ Líklega má líta á þetta sem hógværar vísbendingar um hvað gerst hafði. Hugsanlega má og túlka þetta sem dæmi um nýtni fólks á þessum tíma.

Annað næsta „núttímalegt“ sjálfsvíg átti sér stað 1887 er 23 ára dóttir sæmdarhjóna vestur á Mýrum drekkti sér suður í Reykjavík. Hafði hún lokið prófi í yfirsetukvennafræðum rúmum þremur árum áður en dvalið fyrir sunnan um veturinn. Var henni svo lýst að hún væri þrekstúlka til sálar og líkama, vel greind, siðprúð og hvers manns hugljúfi. Virðist hún hafa leitað til landlæknis um vorið vegna „þunglyndis“ sem hún hafði þó ekki átt vanda til áður.¹²⁰ Það sem gerði þetta sjálfsvíg „núttímalegt“ er að það gerist í þéttbýli og stúlkan sem í hlut átti var óvenju menntuð, hvað konu á tímabilinu áhrærði. Hún var því með nokkrum hætti komin á jaðar sveitasamfélagsins. Vissulega átti hún rætur að rekja til þess og líkur voru á að hún tengdist því að nýju þéttari böndum þar sem flestar ljósmæður störfuðu til sveita og voru þá oftast einnig húsfreyjur.

Fleiri ungmenni sem stéttarlega stóðu á jaðri sveitasamfélagsins stytstu sér aldur. Árið 1814 hengdi sig skólapiltur í Bessastaðaskóla. Var því kennt um að hann hefði óttast að sýkjast af holdsveiki en faðir hans, sem var prestur, hafði látist úr henni. Einnig var sagt að hann hefði kviðið því að fara heim í Reykholt í Borgarfirði þar sem móðir hans dvaldi.¹²¹ Árið eftir banaði prestssonur í Lundi í Lundarreykjadal sér með sama hætti. Ástæðan virtist fólki sú að faðir hans hafði ekki viljað samþykkja að hann gengi að eiga barnsmóður sína og auk þess komið henni burt úr héraðinu þótt flestum þætti hún syninum samboðin.¹²² Presturinn sem í hlut átti virtist mjög hafa setið yfir hlut sona sinna.¹²³ Til að mynda kom hann þeim ekki til mennta eins og algengt var meðal afkomenda presta. Á þessum tíma endurnýjaðist prestastéttin að mestu innanfrá, þ.e. með því að vandamenn presta gengju menntavegin og tækju vígslu.¹²⁴ Bræðurnir hafa því verið fórnarlömb feðraveldisins en alla níttjándu öldina var feðra- eða foreldra-ræði mikið þegar um hjónabönd var að ræða.¹²⁵

Önnur sjálfsvíg ungmenna féllu betur að aðstæðum í hinu hreinræktaða sveitasamfélagi. Má þar nefna drukkun 18 ára unglings frá Stekkjarflötum í

¹¹⁸ [Án höfundar], „Sjálfsmord enn“, *Þjóðviljinn* 9. júní 1890, bls. 84. Sjá og: [Án höfundar], „Hroðaleg sjálfsmords-saga“, *Ísafold* 27. júní 1896, bls. 173–174, hér 174.

¹¹⁹ [Án höfundar], „Mannalát“, *Þjóðólfur* 20. janúar 1899, bls. 12; [Án höfundar], „Sjálfsmord“, *Þjóðviljinn ungi* 25. janúar 1899, bls. 78.

¹²⁰ Pjetur Guðmundsson, *Annáll níttjándu aldar 5:1*, bls. 78; [Án höfundar og án fyrirsagnar], *Þjóðólfur* 28. júní 1887, bls. 108.

¹²¹ Pjetur Guðmundsson, *Annáll níttjándu aldar 1*, bls. 190; Jón Espólín, *Íslands Árbækir í sögu-formi* XII. deild, Kaupmannahöfn: Eð islenzka bókmentafélag, 1855, bls. 71. Sjá: Sigfús Blöndal, *Endurminningar*, Reykjavík: Hlaðbúð, 1960, bls. 72.

¹²² Pjetur Guðmundsson, *Annáll níttjándu aldar 1*, bls. 203.

¹²³ Jón Espólín, *Íslands Árbækir í sögu-formi*, bls. 77–78.

¹²⁴ Auk prestssona var algengt að sonar-, dóttur- eða tengdasynir presta yrðu prestar. Hjalti Hugason, *Bessastada-skolan*, bls. 100–113.

¹²⁵ Hjalti Hugason, „Heiðarleiki og hræsni: Gagnrýni Þorgils gjallanda á kirkju og presta í **Ofan úr sveitum**“, *Andvari Nýr* flokkur 55/2013, bls. 105–119, hér 113–119.

Silfrastaðasókn. Sumarið 1895 fór hann ásamt fleira fólki til kirkju að Miklabæ í Blönduhlíð. Komið var við á bæjum á heimleiðinni og gerðist hann drukkinn. Reið hann á undan samferðafólkinu þangað sem Héraðsvötnin runnu í straumharðri kvísl, fleygði þar af sér hatti, yfirhöfn og nærtreyju „[...] og steypiti sér í iðuna.“ Var hann sagður hinn gervilegasti en nokkuð hneigður til öls og „veiklaður á geðsmunum“.¹²⁶ Af þessu má sjá að fyrir kom að kirkjuferðir snerust upp í andhverfu sína. Slíkar ferðir voru ávallt öðrum þræði ætlaðar til að lyfta sér upp, ekki síst ef þær voru farnar ríðandi að sumarlagi og „á aðrar kirkjur“ eða í aðrar sóknir.¹²⁷

Félags- og efnahagsleg staða aldraðra á níjtjándu öld var æði misjöfn og þar með það ævkvöld sem við þeim blasti. Hið sama gildi auðvitað um þau sem sviptu sig lífi á efri árum. Til viðbótar við breytta félagslega stöðu komu til ýmis heilsufarsleg vandamál tengd öldrun enda oft vikið að þeim í fréttaplutningi, ekki síst varðandi geðheilsu. Skal nú tilgreina nokkur dæmi sem varpa ljósi á vanda þessa hóps.

Eins og þegar hefur verið dregið á voru nokkrir þeirra öldruðu karla sem bundu enda á líf sitt úr hópi efnamanna og jafnvel bestu bænda sveitar sinnar.¹²⁸ Efni sumra þeirra voru þó líklega tekin að ganga saman, jafnvel svo að þeir töldu sig þurfa að óttast skort. Þannig var t.a.m. um bóndann á Svínaskála við utanverðan Eskifjörð sem talinn var hafa skotið sig síðasta vetrardag 1893. Hann var „[...] einn meðal hinna helztu bænda eystra“, áhuga- og kappsmaður sem hafði bætt jörð sína mikið og stuðlað að framförum í sveitinni. Þó hafði hann „[...] að sumu leyti átt andstætt á síðari árum, og efni hans gengið til þurðar.“ Setti hann það fyrir sig að hart var að honum gengið vegna kaupstaðarskulda svo að hann þóttist sjá fyrir, að allt yrði af honum tekið.¹²⁹ Þarna kunna þessar efnahagslegu aðstæður að hafa valdið miklu. Ekki er þó hægt að útiloka að sært stolt komi jafnframt til greina og að þessum framfaramanni hafi þótt erfitt að horfast í augu við breytt almenningsálit eftir svo glæstan feril.

Um ýmsa aðra karlmenn segir að þeir hafi verið gamlir menn og mæddir eða annað áþekkt.¹³⁰ Í þessum hópi var maður um sjötugt sem lengi hafði búið í Fíflholti vestra í Landeyjum. Hann drekkti sér snemmsumars 1896. Var hann sagður hafa verið „[...] atorkumaður og búhöldur góður, en ólifnaðarmaður mikill“ og hafði sætt refsingum fyrir ítrekuð hórdómsbrot. Sögðu kunnugir að hann ætti 32 börn.¹³¹

Sérstaklega átakanleg er lýsing á sjálfsvígi aldraðs söðlasmiðs á Kjalarnesi um sumarmál 1861. Hann var illa leikinn af krabbameini undir tungurótum og „[...]“

¹²⁶ [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Fjallkonan* 16. júlí 1895, bls. 119; [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn ungi* 27. júlí 1895, bls. 136; [Án höfundar], „Drukknarir“, *Þjóðólfrur* 13. september 1895, bls. 180; [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Skírnir 1895*, bls. 27; Kristmundur Bjarnason, *Skagfirzkeur annáll 1*, bls. 243 (kirkjuferðar ekki getið þar).

¹²⁷ Ólína Jónasdóttir, *Ég víja þín, aska: Minningar og stökur*, [án útgáfustaðar]: Bókaútgáfan Norðri, 1946, bls. 64–65; Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Íslensk þjóðmenning* 5, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1988, bls. 75–339, hér 256.

¹²⁸ [Án höfundar], „Mannalát“, *Norðri* 1. maí 1853, bls. 40; [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Þjóðólfrur* 28. maí 1866, bls. 118; [Án höfundar og án fyrirsagnar], *Þjóðólfrur* 24. janúar 1878, bls. 1. Sjá og: [Án höfundar], „Mannalát og slysfarir“, *Ísafold* 31. janúar 1878, bls. 4; Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjtjándu aldar* 2, bls. 364.

¹²⁹ [Án höfundar], „Slysfarir“, *Þjóðólfrur* 19. maí 1893, bls. 91; [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn* 15. júní 1893, bls. 67.

¹³⁰ Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjtjándu aldar* 2, bls. 255.

¹³¹ [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Þjóðólfrur* 16. júní 1896, bls. 119; [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Fjallkonan* 17. júní 1896, bls. 99; [Án höfundar], „Hroðaleg sjálfsmorðssaga“, *Ísafold* 27. júní 18896, bls. 173.

var orðinn eins og klumsa, mátti ekki mæla og gat varla nærst.“ Í kvöl sinni stakk hans sér á höfuðið ofan í brunn. Eftirmæli hans eru hin fegurstu. Hann var talinn vandaður maður og vel að sér og var sagður hafa borið „[...] mein sitt með einstöku þolgæði til hins síðasta.“¹³² Líklegt er að sjúkdómsástand mannsins hafi gert honum ómögulegt að leita sér lausnar undan kvöl sinni í verulegri fjarlægð frá bæ og því orðið að sæta þess færís sem bauðst heima á hlaðinu.

Í hópi gömlu karlanna sem bönuðu sér gætti sýnilega mikillar efnalegrar og félagslegrar breiddar. Torveldara er að gera grein fyrir hvernig um gömlu konurnar var háttað og má segja að þær séu andlitslausasti hópurinn í þessari rannsókn.

Aðeins eru sögð veruleg deili á einni þessara eldri kvenna, Guðrúnu Helga-dóttur. Hún var búsett í Reykjavík, 57 ára gömul, ógift, talin merk kona, vel metin en álitin stjórnsöm. Hún átti einn son sem var um skeið kaupmaður þar í bænum en farnaðist illa sökum óreglu. Var komið að henni í svefnherbergi sínu og virtist eigi geta dulist að hún hefði stytur aldur án þess að getið væri um aðferð, en það heyrir til undantekninga. Þess var og getið að konan hefði verið illa haldin af „hjärtveiki“ en með því er hér vafalítið átt við geðrænan sjúkdóm.¹³³

Hinar eldri konurnar tilheyrðu aftur á móti sveitasamfélaginu. Nokkrar þeirra eru vissulega nafngreindar en koma þó ekki skýrt fram sem einstaklingar.¹³⁴ Aðrar eru nafnlausar þótt þær séu tengdar við einstök býli og séu því stundum persónugreinanlegar, t.d. með hjálp manntala. Þannig segir frá aldraðri konu frá Geldingsá á Svalbarðsströnd sem steypiti sér fram af klettabakka sem sjór féll að en það var afbrigði drekkingar sem nokkuð var gripið til á rannsóknartímanum. Maður stóð yfir fé uppi í hlíðinni og varð vitni að atburðinum, hljóp til eiginmanns konunnar sem var við gegningar í fjárhúsi. Sáú þeir „[...] hvar konan flaut dauð, svo skammt frá landi að þeir gátu náð líkinu og vaðið með það að landi.“¹³⁵

Lokaorð

Með rannsókn ritheimilda og þá einkum í landsmálablöðum sem út komu á síðari hluta rannsóknartímans hafa fundist upplýsingar um 167 sjálfsvíg. Ástæða er þó til að ætla að tilvikin hafi verið umtalsvert fleiri, eins og opinberar tölur sem til eru útgefnar fyrir hluta af tímabilinu gefa til kynna. Sökum þess að hér er ekki stefnt að „heilðarsögu“ sjálfsvíga á Íslandi á nítjándu öld heldur aðeins leitað nægilegra upplýsinga til að draga haldbærar ályktanir um samband sjálfsvíga og samfélagsaðstæðna á tímabilinu hefur ekki verið keppt að því að finna

¹³² [Án höfundar], „Mannalát og slisfarir [svo]“, *Þjóðólfrur* 13. september 1861, bls. 142–143, hér 142; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 3, bls. 126.

¹³³ [Án höfundar], „Skitapar [svo] og mannalat [svo]“, *Norðanfari* 14. ágúst 1869, bls. 79; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 3, bls. 419. Skýrt var frá láti Guðrúnar Helgadóttur án þess að getið væri dánarorsakar. Sjá: Sigfús Blöndal, *Endurminningar*, bls. 55–57.

¹³⁴ [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Fréttir frá Íslandi* 1890, bls. 27; [Án höfundar], „Sjálfsmorð enn“, *Þjóðviljinn* 9. júní 1890, bls. 84; [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn ungi* 22. júní 1895, bls. 120; [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Ísafold* 18. júlí 1894, bls. 176; [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Þjóðólfrur* 23. ágúst 1893, bls. 160; [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn* 25. ágúst 1893, bls. 100; [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Norðurljósið* 29. ágúst 1893, bls. 95; [Án höfundar], „Sjálfsmorð“, *Stefnir* 13. september 1893, bls. 68; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 4, bls. 412.

¹³⁵ [Án höfundar og án fyrirsagnar], *Norðanfari* 19. janúar 1884, bls. 4.

Það sem kalla mætti „rauntölu“ sjálfsvíga á tímabilinu. Til þess að nálgast hana hefði þurft mun víðtækari könnun á óútgefnum skjalgum heimildum en tók voru á við samningu greinarinnar. Því er sá varnagli sleginn að hér er aðeins um forkönnun eða tilraun að ræða. Helst kemur þessi annmarki fram þegar brjóta skal hóp þeirra 133 karla sem hér eru taldir hafa framið sjálfsvíg upp eftir atvinnustéttum. Konurnar eru aftur á móti auðgreinanlegri í þessu tilliti. Af þeim ástæðum ber aðeins að skoða tölfræðilegar upplýsingar sem hér er að finna sem vísbendingar.

Afstaða ríkis og kirkju í garð þeirra sem frömdu sjálfsvíg var mjög fordæmandi langt framan af rannsóknartímanum en vék á síðari hluta hans fyrir mannúðlegri sjónarmiðum. Fyrirmæli frá miðöldum um vanvirðandi meðhöndlun líka stóðu þannig þar til ný hegningarlög tóku gildi 1870. Samkvæmt þeim var öllum hindrunum rutt úr vegi hvað varðaði „heiðarlega“ og hátíðlega útför þeirra sem brugðu á það ráð að binda enda á líf sitt. Fjöldi sjálfsvíga bendir þó til að aðhaldstílaunir andlegra og veraldlegra yfirvalda hafi borið takmarkaðan árangur. Landsmálablöð byrjuðu snemma að flytja fréttir af sjálfsvígum. Á þeim vettvangi var einnig reynt að sporna gegn þeim. Þó virðist sem fordæming þeirra hafi ekki verið eins eindregin og fram kom í löggjöfinni en í blöðunum var löngum litið á sjálfsvíg sem eitt afbrigði slysfara og það dró úr „stigmatísingu“ eða stimulun þeirra sem í hlut áttu.

Í ljósi þess sem almennt gildir um sjálfsvíg kemur ekki á óvart að þau voru mun tíðari meðal karla en kvenna á nítjándu öld en konur voru aðeins um fimmtungur þeirra sem féllu fyrir eigin hendi. Í flestum tilvikum krefjast sjálfsvíg hvatvísi og „árásargirni“ gegn eigin líkama og sjálfi, eða þess sem nefna má „agressífítet“. Slíkar tilhneigingar eru mun algengari meðal karla en kvenna. Þó er vissulega misjafnt í hverjum mæli þær koma fram við sjálfsvíg eftir því hvaða aðferðum er beitt í hverju tilviki.

Auk kyns skipta breyturnar aldur, stétt og hjúskaparstaða miklu máli í þjóðháttfræðilegum rannsóknum. Fyrir liggur að sjálfsvíg komu fyrir á öllum helstu æviskeiðum fólks, að bernskunni undanskilinni, þ.e. frá ungdómi til elli. Hér hefur sérstaklega verið fjallað um sjálfsvíg meðal ungs fólks og aldræðs en tæpur þriðjungur tilvikanna átti sér stað innan þeirra aldurshópa. Konum í þessum tveimur aldurshópum virðist frekar hafa verið hætt við sjálfsvígum en körlum. Einkum vekur athygli hve sjálfsvíg virðast hafa verið tíð meðal ungra kvenna. Á hinn bóginn virðast ungir karlmenn ekki hafa verið áberandi áhættuhópur, öfugt við það sem gerist nú á dögum. Þetta gæti bent til að konur á fyrsta skeiði fullorðinsára hafi búið við sérlega viðkvæmar aðstæður. Kann framtíðarsýn þeirra að hafa valdið þar miklu en möguleikar karla til að verða sjálfra sín voru meiri en kvenna, en þær voru allt tímabilið töluvert fleiri en karlarnir. Takmarkaði það möguleika kvennanna á að verða félagslega fullgildar með hjónabandi og húsfreyjustöðu.

Almennt séð var körlum í samfélagi nítjándu aldarinnar þó mun hættara við sjálfsvígum en konum. Þá virðast rosknir karlmenn í ríkari mæli hafa ráðið sér bana en ungir en hlutfall kvennanna í þeim aldurshópi er þó áfram hærra en karlanna. Virðist ellin með þeirri breyttu félagsstöðu sem hún hafði í för með sér hafa lagst illa í karlana. Jafnvel hafa fundist dæmi þess að bændum sem verið

höfðu málsmetandi og velmegandi á fullmeztardögum sínum féllust hendur í ellinni og þeir stytt sér aldur. Þó virðist öldruðum konum hafa verið hættara við sjálfsvígi en körlum. Líklega hefur skert líkamleg og andleg heilsa haft hér mikið að segja, sem og þau kjör sem blöstu við fjölmörgum konum þegar aldurinn færðist yfir og þá ekki síst ógiftum konum og ekkjum. Mesta athygli vekur samt sem áður hve ungar konur virðast hafa verið í miklum áhættuhópi. Er það sem hér hefur komið fram um dreifingu sjálfsvíga eftir kyni og aldri vísbending um forréttindi karla og feðraveldi á öllum sviðum samfélagsins.

Mögulegt er að greina félagslega stöðu flestra kvennanna sem urðu sér að bana út frá fyrirliggjandi gögnum. Kemur þá í ljós að þær tilheyrðu sveitasamfélaginu að einni eða tveimur undanskildum. Öðru máli gegnir um karlana en aðeins er hægt að greina um helming þeirra eftir þessari breytu og er þar líklega að finna helsta veikleika þessarar rannsóknar. Þó er ljóst að sjálfsvíg komu fyrir meðal flestra stétta hins fábreytta samfélags. Samt má benda á að engin dæmi um sjálfsvíg hafa fundist meðal veraldlegra embættismanna en þeir tilheyrðu forréttindahópi í samfélaginu. Flest sjálfsvíganna sem eru greinanleg samkvæmt þessari breytu, eða um $\frac{3}{4}$ þeirra, áttu sér stað meðal hefðbundinna landbúnaðarstétta, bændafólks og vinnuhjúa þess. Þegar tekið er tillit til þess að þorri þjóðarinnar vann að landbúnaði, ýmist alfarið eða að hluta til, er þó ljóst að þeim sem lifðu á jaðri sveitasamfélagsins hvað atvinnustétt áhrærði var hættara en hinum. Bendir það til að þau hafi haft veikari stöðu en hin sem bjuggu við hefðbundnari aðstæður. Kemur þetta heim og saman við þá staðreynd að landbúnaðurinn var gangráður samfélagsins, sem að öðru leyti var einfaldrar gerðar og bauð þegnum sínum takmarkaðan stuðning þegar á bjátaði. Veikt stoðkerfi samfélagsins hefur trúlega valdið miklu um fjölda sjálfsvíga hér á landi á nítjándu öld.

Loks virðist ástæða til að ætla að almenningsálit og breytingar á því hafi í sumum tilvikum verið a.m.k. hluti af ástæðum þess að einstaklingur batt enda á líf sitt. Virðist þetta hafi vegið þungt í tilfelli sumra þeirra roskennda karla, bændu eða uppgjafarbændu, sem réðu sér bana á tímabilinu. Hafa þeir þá átt erfitt með að setta sig við breytta stöðu sína í samfélaginu, ekki síst í efnalegu tilliti. Þetta er skiljanlegt þegar horft er til þess að þessir menn bjuggu í fámennissamfélagi, hvort heldur sem um landið allt er að ræða eða heimahéruð þeirra sem í hlut áttu. Við þær aðstæður er hætt við að fólk sé viðkvæmara en ella fyrir breytingum sem valda því að það þarf að horfast í augu við nýja og veikari samfélagsstöðu en áður.